

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. febrúar 2025

Mál nr. S-485/2024:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Jóhanni Atla Arasyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 28. janúar 2025, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 25. janúar 2024, á hendur Jóhanni Atla Arasyni, kennitala [...], [...], fyrir kynferðisbrot gegn barni og brot í nánu sambandi, með því að hafa á árunum [...] í fjölda skipta á þáverandi heimili þeirra að [...], áreitt stjúpdóttur sína, A, kennitala [...], kynferðislega, þar sem hún lá við hlið hans í rúmi, strokið yfir bak hennar og bringu innan klæða og strokið og snert kynfæri hennar og rass innan klæða og í hluta skiptanna fróað sér við hlið hennar, en með þessu ógnaði ákærði lífi, heilsu og velferð stúlkunnar sem þá var sjö til átta ára gömul.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

- Af hálfu B, kennitala [...], fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. maí 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.
- Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara að hann hljóti vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess aðallega að bótakröfu brotaþola samkvæmt ákæru

verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þess er krafist að skipuðum verjanda ákærða verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun og að allur sakarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð.

4. Aðalmeðferð málsins fór upphaflega fram 26. nóvember 2024 en var síðan flutt að nýju 28. janúar 2025 fyrir fjölskipuðum dómi. Það átti sér stað í kjölfar þess að málið var tekið fyrir að nýju eftir dómtöku þess vegna nauðsynjar á munnlegri viðbótarsönnunarfærslu með vísan til 168. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, auk þess sem nauðsyn krafði að dómurinn yrði skipaður sérfróðum meðdómsmanni.

Málsatvik

5. Móðir brotaþola, B, gaf skýrslu hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 6. maí [...] í tilefni af því að dóttir hennar, brotaþoli, A, sem fædd er [...] hafði greint henni ríflega þremur vikum fyrir frá kynferðisbroti sem stúlkan hefði borið um að hafa orðið fyrir af hendi ákærða er hann var sambýlismaður móður brotaþola.
6. Móðir brotaþola rakti að stúlkan hefði sagst hafa orðið fyrir óþægilegri snertingu. Nánar aðspurð hefði hún sagt frá því að sambýlismaður móður sinnar hefði verið að svæfa sig og þá verið að strjúka sér um bakið. Er hann hefði sofnað hefði hann farið inn í buxurnar hennar og lagt hendurnar í klofið á henni.
7. Aðspurð um tilefni þess að brotaþoli hefði sagt frá þessu kvað móðir hennar vera það að stúlkan hefði verið búin að vera mjög skrítin í marga mánuði og það kvöld sem hún greindi frá þessu hefði móðir hennar verið á leiðinni út er stúlkan hefði *frikað út* og ekki viljað vera ein með ákærða. Þá hefði móðir hennar farið að inna hana eftir því hvort eitthvað hefði komið fyrir og að nokkurri stundu liðinni hefði hún greint frá því sem hefði verið á seyði. Móðir hennar hefði náð að róa brotaþola og barnið náð að sofna.
8. Daginn eftir hefði móðir stúlkunnar fengið frí í skólanum fyrir hana og er þær voru tvær einar heima hefði hún innt stúlkuna nánar eftir málsatvikum. Stúlkan þá endurtekið sömu söguna og sagt frá því að þetta hefði gerst oft. Móðir stúlkunnar greindi frá því að henni hefði ekki verið ljóst hvernig hún ætti að bregðast við þessari frásögn stúlkunnar en hún hefði rætt þetta við ákærða þennan sama dag.
9. Hann hefði einhvern veginn ekki neitað því að hafa gert eitthvað eða hefði verið hræddur um að hann hefði gert eitthvað, en hann hefði sagst vera sofandi þannig að hann hefði ekki vitað neitt hvað hann hefði verið að gera. Hún bar um það að hann hefði svo aðspurður farið að afsaka það að hann hefði ekki meint það þannig að stúlkan mætti ekki segja móður sinni frá. Hann hefði meint það þannig að hún mætti ekki tala um það við aðra hvað gerðist á heimili þeirra. Móðir brotaþola orðaði það svo að *hann var alltaf að reyna svona að bakka sig úr þessu en var samt að taka því sem hún var að segja*.
10. Aðspurð um hvað hún ætti við með því að brotaþoli hefði verið búin að vera skrítin í marga mánuði lýsti hún því þannig að stúlkan hefði hætt að vilja fara í skólann, hún hefði

alveg hætt að fara í skólasund og fleira. Hún hefði farið úr því að vera mjög ánægð stelpa yfir í að vera þegjandaleg, hanga bara heima hjá sér og hefði hætt að leika við aðra krakka. Farið hefði að bera á þessum breytingum sumarið áður.

11. Móðir brotaþola bar um að þau ákærði hefðu byrjað saman í lok ágúst [...] og hann flutt inn á heimili hennar skömmu síðar. Fyrir dómi greindi hún frá því að þau hefðu þekkt áður [...] og því hefði verið stuttur aðdragandi að því að þau hófu sambúð. Móðir brotaþola greindi frá því að hún ætti tvö börn af fyrra sambandi, brotaþola og yngri bróður hennar, [...]. Ákærði ætti einnig tvö börn sem hann hefði eignast hvort með sinni konunni áður en þau tóku saman, dreng sem hefði dvalið á heimilinu aðra hvora viku og stúlku sem hefði dvalið þar aðra hvora helgi.
12. Í kjölfar þess að móðir brotaþola ræddi við ákærða um frásögn stúlkunnar kvaðst hún hafa gist ásamt börnum sínum hjá foreldrum sínum [...] en hún hefði sagt foreldrum sínum frá því hvað hefði komið fyrir. Fáum dögum síðar hefði ákærði flutt út úr íbúð hennar. Hann hefði þannig verið fluttur út einni og hálfri viku áður en lögreglan tók skýrslu af móður brotaþola. Ástæða sambandsslitanna hefði verið þessi framganga ákærða gagnvart brotaþola en einnig hræðsla annarra barna sem hafi búið eða dvalið á heimilinu við ákærða sem hafi verið orðinn mjög strangur í þeirra garð, einkum drengjanna.
13. Móðir brotaþola greindi frá því að samband hennar og ákærða hefði í fyrstu gengið vel, fram á sumar [...] er hann hafi farið að sýna skrítna hegðun gagnvart börnunum sem hafi komið fram í mikilli reiði og rosalegum skömmum ef börnin gerðu eitthvað af sér, sérstaklega drengirnir. Þegar þessi hegðun var færð í tal við ákærða hefði hann fyrst og fremst brugðist við með sjálfsvorkunn frekar en vorkunn í garð barnanna. Móðir brotaþola bar um að þessi harkalega hegðun hefði ekki bitnað á brotaþola. Þeim hefði komið mjög vel saman, hún hefði leitað mikið til hans og kallað hann pabba í byrjun, alveg þar til í janúar [...] er samskipti þeirra hefðu farið að minnka og þegar komið hefði verið fram í febrúar hefði brotaþoli alveg verið hætt að leita til hans. Brotaþoli hefði almennt ekki verið ein með ákærða en það þó komið fyrir um það bil einu sinni í annarri hverri viku er móðir hennar hefði verið að heiman að kvöldlagi.
14. Aðspurð um svefnvenjur brotaþola bar móðir hennar um að hún hefði verið hætt að geta sofið ein fyrir um það bil tveimur árum og hefði verið mikið uppi í rúmi hjá henni. Aðstæður hefðu annars verið þannig að börnin hefðu sofið saman í herbergi í tveimur kojum og þá eftir atvikum tvímennt í kojunum þegar börn ákærða voru á heimilinu. Við þessar aðstæður hefði móðir brotaþola oft setið hjá henni og lesið þar til hún sofnaði en þegar svæfa þurfti bróður hennar líka hefði ákærði frekar viljað vera með brotaþola en drenginn í herbergi.
15. Þegar lögregla innti eftir því hvort brotaþoli hefði greint frá því hversu oft ákærði hefði brotið gegn henni bar móðir hennar um að stúlkan hefði ekki tilgreint það. En hún hefði

sagt að snertingar ákærða hefðu verið innan klæða og ákærði farið inn í nærbuxur hennar en stúlkan hefði sofið í nærbuxum og bol. Stúlkan hefði greint frá því að hann hefði verið að færa hönd sína fram og til baka á meðan á þessu stóð. Móðir stúlkunnar minntist eins tilviks þar sem hún hefði vaknað upp við öskur stúlkunnar um að ákærði ætti að sleppa henni. Þegar móðir stúlkunnar hefði komið inn í herbergið hefði hann haldið utan um hana og hún verið að biðja hann um að sleppa sér, segja að hún vilji ekki knús en hann hefði ekki viljað sleppa henni og haft á orði að það væri ekkert að þessu, „hann megi alveg knúsa hana“. Móðir brotþola hefði þá tekið hana úr fangi ákærða og sagt henni að fara inn í herbergi móður sinnar og þar með hafi þessum atburði lokið. Hún hefði svo reynt að spyrja stúlkuna betur út í þetta næsta dag en stúlkan ekki viljað ræða þetta að öðru leyti en að segja að hann hefði ekki viljað sleppa henni. Stúlkan hefði ekki tjáð sig almennt um samskipti við ákærða nema með því að koma því á framfæri að henni liði ekki vel í kringum hann.

16. Síðan hefði orðið mikil breyting á henni til batnaðar við það að ákærði hefði farið af heimilinu. Hún hefði strax orðið jákvæðari fyrir skólasókn og farið að leika sér við vinkonu sína. Hún hefði verið glaðari, hjálpfúsari á heimilinu og lært heima, sinnt því sem hún hefði verið að sleppa. Hún hefði verið miklu ánægðari, en móðir hennar hefði frétt það frá móður vinkonu hennar, sem brotþoli hefði fengið að gista hjá helgina áður en móðir hennar mætti til skýrslutöku hjá lögreglu, að stúlkan hefði sagt vinkonunni frá því að pabbi hennar væri alltaf að pota í rassinn á henni. Móðir þeirrar stúlku hefði sent móður brotþola orðsendingu þar sem þetta hefði komið fram.
17. Lögregla tók viðtal við nefnda vinkonu brotþola, C, 28. október [...] sem er jafnaldri brotþola. Í því viðtali kom fram að þær tvær hefðu verið að leika sér ásamt þriðju vinkonunni heima hjá ömmu brotþola og þegar sú vinkona hefði farið á salernið hefði brotþoli greint C frá því að móðir brotþola og ákærði hefðu hætt saman út af því sem hann hefði gert brotþola. Þegar stúlkan hefði farið upp í rúm til móður sinnar og ákærða hefði hann gert eitthvað við hana. C mundi ekki hvað brotþoli hefði sagt um það hvað ákærði hefði gert við hana. Stúlkan taldi það sem hann hefði gert samt vera þannig sem ekki mætti gera við börn og því hefði hún sagt mömmu sinni frá því. C bar um að brotþola hefði liðið illa þegar hún hefði sagt frá þessu. Þegar þriðja vinkonan kom til baka hefðu þær hætt að tala um þetta og hefðu aldrei gert það aftur.
18. Ákærði var yfirheyrður 20. maí [...] að viðstöddum verjanda sínum. Þar bar hann um að það væri ekki satt að hann hefði brotið gegn brotþola kynferðislega. Hann staðfesti það að hafa verið í sambandi með móður brotþola um tæplega [...] ára skeið, frá því í ágúst [...] fram í maí árið [...]. Hann bar um það að hann hefði í raun ekki búið með móður hennar heldur hefði hann bara verið *heima hjá henni*, eins og ákærði komst að orði. Hann hefði búið hjá henni þannig séð. Þar hefðu þau tvö verið og tvö börn hennar, brotþoli

og bróðir hennar, auk þess sem [...] sonur hans hefði verið þar aðra hvora viku. [...] dóttir hans hefði síðan verið aðra hvora helgi. [...]

19. Ákærði bar um að samband hans við brotþola hefði verið gott og hann litið á hana sem stjúpdóttur sína og hún kallað hann pabba. Hann greindi frá því að verkaskipting milli hans og móður brotþola hvað umönnun hennar snerti hefði verið 50/50 hvað varðar atriði eins og að svæfa hana, keyra hana og þess háttar. Brotþoli hefði verið mjög myrkfælin og því hefði ákærði oft þurft að sitja hjá henni. Hún hefði oft sofið með bróður sínum í rúmi en einnig með syni hans þegar hann gisti á heimilinu og eins hefði dóttir hans sofið í herberginu þegar hún hefði dvalið þar. Í íbúðinni væru þrjú svefnherbergi, þ.e. hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Í öðru barnaherberginu hefðu verið kojur en í hinu venjulegt rúm. Brotþoli og bróðir hennar hefðu síðan oft komið upp í hjónarúmið um nætur.
20. Aðspurður hvort hann hefði eytt miklum tíma með brotþola jánkaði ákærði því en tók fram að þau hefðu ekki verið mikið ein saman. Hann tók sem dæmi bíltúra sem hann hefði farið í með börnin en þau hefðu örugglega eitthvað verið ein saman þótt ekkert slíkt *poppaði upp í hausinn* á honum þegar hann var spurður.
21. Þegar ákærði var spurður hvað hefði gerst kynferðislegt á milli hans og brotþola kvað hann ekkert slíkt hafa gerst. Þegar frásögn móður brotþola sem hún hafði eftir stúlkunni var borin undir ákærða brást hann við með því að segja að þetta væri ekki rétt. Hann kannaðist ekki við að hafa strokið stúlkunni um klofið en bar um að hann stryki bakið eða hausinn á börnunum sínum þegar þau ættu erfitt með að sofna. Þær strokur væru utan klæða. Hann staðfesti að hann hefði legið með stúlkunni uppi í rúmi. Hún hefði oft komið þegar hann hefði legið uppi í rúmi og verið að horfa á sjónvarpið og viljað horfa með honum og þá legið við hlið hans. Eins hefði hún nokkrum sinnum beðið hann um að leggjast upp í rúmið hennar þegar hún hefði verið að reyna að sofna og hann gert það. Brotþoli hefði verið klædd í náttbuxur og bol þegar hún hefði verið að fara að sofa. Þegar hann hefði lagst með henni í hennar rúm hefði litli bróðir hennar einnig verið í rúminu við hlið hennar. Hann kvaðst sjálfur hafa verið klæddur í náttbuxur og bol.
22. Ákærði mótmælti því sem röngu að hann hefði beðið brotþola að segja móður sinni ekki frá *þessu*, eins og komist var að orði er hann var spurður. Hann andmælti því að hafa sagt að móður hennar kæmi það ekki við hvað gerðist uppi í rúm hjá þeim. Ákærði neitaði því þegar það var borið undir hann að atvik þau sem móðir brotþola hafði greint lögreglu frá hefðu oft átt sér stað.
23. Ákærði var spurður um tilvik þegar brotþoli hefði vaknað upp eða öskrað og móðir hennar komið inn í herbergið. Hann greindi frá því að brotþoli og bróðir hennar hefðu vaknað um nóttina og móðir brotþola hefði sent hana upp í til hans: *og ég sem sagt held utan um hana yfir nóttina, við bæði sofandi og ég sem sagt knúsa hana, vaknaði hún upp en ég ekki og var eitthvað að reyna, ég vaknaði ekki við það fyrr en hún.*

24. Móðir brotþola hefði í þessu tilviki verið í herberginu með stráknum að reyna að svæfa hann en stúlkan hefði einnig verið í því rúmi. Hún hefði vaknað og móðir hennar sagt henni að fara upp í rúm til ákærða. Ákærði bar um að hafa verið sofandi þegar brotþoli hefði lagst upp í rúm hjá honum og að hann hefði ekki orðið var við að hún legðist í rúmið. Ákærði neitaði því að það hefði gerst oftast að brotþoli hefði vaknað öskrandi, þetta hefði verið eina skiptið sem hann myndi eftir. Þegar hann var spurður hvernig hann hefði vitað að stúlkunni hefði verið sagt að fara og leggjast upp í rúm hjá honum fyrst hann hefði verið sofandi sagðist hann ekki hafa vitað það. Þegar hann var beðinn að skýra hvers vegna hann hefði ekki viljað sleppa stúlkunni þegar hún hefði verið að reyna að losna frá honum bar hann um að hann hefði ekki verið vakandi og hann ætti mjög erfitt með að vakna, en um leið og hann hefði vaknað hefði hann sleppt henni.
25. Ákærði neitaði því að hafa snert brotþola á kynferðislegan hátt og einnig að hún hefði snert hann á kynferðislegan hátt. Hann kunni engar skýringar á því af hverju brotþoli vildi ekki vera ein með honum og bar um að móðir brotþola hefði ekki rætt þetta við sig áður en hann hefði farið af heimilinu. Þetta hefði komið upp eftir það en móðir brotþola hefði ekki rætt þessar ásakanir beint við hann heldur við mömmu hans og frænkur og hann frétt þetta frá þeim. Ákærði kvað ekki rétt að hún hefði borið þetta á hann og hann hefði ekki neitað þessu en sagt að hann hefði mögulega verið sofandi og gert þetta óafvitandi. Það væri ekki heldur rétt að hann hefði farið að afsaka þau orð að stúlkan mætti ekki segja neitt.
26. Ákærði neitaði því að hafa kynferðislegan áhuga á börnum og gat þess í lok skýrslutökunnar vegna ummæla um að brotþoli hefði ekki viljað umgangast hann að þegar móðir brotþola hefði verið farin af heimilinu með börnin til foreldra sinna er þau slitu samvistum hefði brotþoli komið um kvöldið og verið að spjalla við hann.
27. Tekin var skýrsla af brotþola í Barnahúsi 2. júní [...]. Hún greindi þar frá því að mamma og pabbi hefðu hætt saman þannig að á heimilinu væru bara hún, [...], bróðir hennar og kisurnar hennar. Aðspurð staðfesti brotþoli að hún hefði kallað ákærða pabba. Þegar hún var innt eftir því hvers vegna hún væri komin í Barnahús svaraði hún: *Pabbi minn, æi, hérna er stundum, hann hræðir, ég er stundum að sofa uppi í af því að dótið mitt er svolítið krípi segi ég. Og, æi, hérna hann ræður ekki við sig.* Þegar hann hefði ekki hætt þessu hefði mamma brotþola hætt með honum. Þegar stúlkan var innt eftir því hvað hún ætti við með að hann réði ekki við sig sagði hún að þá væri hann stundum að snerta á henni rassinn, sem henni þótti *ótrúlega pirrandi*. Hún hefði alltaf þurft að sofa við hliðina á honum þegar hún kæmi upp í rúm en mamma hennar færi til að sinna bróður brotþola sem hefði vaknað að næturlagi. Við slík tækifæri hefði ákærði alltaf verið að snerta rass stúlkunnar, svo vaknaði hann bara allt í einu. Hann hefði heyrt í henni þegar hún væri að labba til móður sinnar og færi þá að snerta brotþola alls staðar. Þegar hún var innt eftir því hvar hann hefði snert hana sagði hún að hann hefði snert hana á einkastaðinn og

- rassinn eitthvað og líka stundum á bakinu en hún hefði stundum verið að biðja hann að klóra henni og þá hefði hann gert það. En þegar hann væri sofandi þá snerti hann hana, þá réði hann ekki við sig. Þegar brotápoli var innt eftir því hvernig hún vissi að hann væri sofandi bar hún um að *hann hefði alltaf svona lokuð augun og ég heyri alveg hrjótið á honum, hann hrýtur og eitthvað*. Aðspurð hvort eitthvað svona hafi einhvern tímann gerst og hann ekki verið sofandi svaraði hún því til að þetta hafi alltaf gerst þegar hún væri hjá mömmu og pabba uppi í rúminu þeirra, þá hefði þetta alltaf gerst. Hann væri þá sofandi.
28. Þegar hún var spurð hvort þetta hefði gerst oft svaraði hún því til að þetta hefði gerst bara ótrúlega oft. Þegar hún var beðin um að lýsa þessu nánar bar hún um að hann snerti sig og biði svo eitthvað og tæki svo í rassinn hennar og þá væri hún alltaf að biðja mömmu sína um að fara í bað. Henni fyndist þetta vera *ojbarasta og eitthvað*. Hún bar um að hún væri í náttfötum, buxum og bol, og hann færi svo undir bolinn hennar, undir buxurnar og *narúrnar*. Brotápoli lýsti því með látbragði hvernig ákærði hreyfði til höndina þegar hann væri að snerta hana og strjúka henni. Hún hafi vaknað við að hún fyndi fyrir höndunum og hún sofnaði ekki vel aftur. Hún reyni að fara til mömmu sinnar og segja henni frá en þá vakni hann bara.
29. Aðspurð hvar mamma hennar væri bar hún um að hún væri þá í rúminu hjá litla bróður hennar og svæfi þar í öðru herbergi. Mamma hennar svæfi fyrst hjá henni og pabba hennar en þá vaknaði bróðir hennar og færi að gráta af því hann væri hræddur. Þá sofni mamma hennar óvart hjá honum.
30. Nánar aðspurð um hvað ákærði hafi gert þegar hann var að snerta hana bar hún um að hann hefði stundum farið á rasskinn *og eitthvað svona* og snert hana alls staðar. Þegar hún var spurð hvort hann segði eitthvað við hana þegar svona væri að gerast neitaði hún því en greindi frá því að hún hefði einu sinni farið að gráta og þá hefði hann farið með hana upp í rúmið hjá bróður hennar en þar sem þar hefði ekki verið neitt pláss hefði hún bara sofið í sófanum. Það hefði verið svona um morguninn, mamma hennar hefði verið hjá bróður hennar og hún hefði verið vakandi allan tímann. Hún hefði ekki getað farið í skólann heldur fengið að taka frí og svo hefðu mamma og pabbi verið að rífast og hann svo farið í vinnuna.
31. Brotápoli bar um að þessi háttsemi hefði hafist þegar hún var sjö ára og hún hefði bara átt sér stað í rúminu þeirra. Þegar hún var svo spurð hvort ákærði hefði sagt eitthvað við hana um þetta svaraði hún því til að hún hefði sagt mömmu sinni og pabba hvað hefði gerst. Hún hélt að mamma hennar hefði kannski orðið smá reið en þegar ákærði hefði komið heim úr vinnunni hefði hann verið ótrúlega sár. Þau tvö hefðu farið að tala um þetta á meðan mamma hennar var að sækja litla bróður hennar á leikskóla. [...].
32. Brotápoli lýsti nánar snertingum ákærða undir bolinn sem hún klæddist og er hún var innt eftir snertingum á bak hennar svaraði hún: *Af því hann snerti fyrst píkuna og svo*

setur hann á bakið mitt, þú veist á, oþbarasta eitthvað. Henni hefði þótt það ógeðslegt, þá kæmi ógeðsleg lykt af henni.

33. Aðspurð um það hvernig ákærði hefði verið klæddur sagði hún að hann hefði bara verið á nariunum. Hún hefði verið upp í rúmi við hliðina á honum. Brotapoli sýndi síðan með látbragði að hún lægi á vinstri hlið og sneri að honum, hún lægi *svona á ská*, eins og hún komst að orði. Hann lægi venjulega á bakinu en þegar hann væri að snerta hana lægi hann *svona á ská* líka eins og hún. Brotapoli lýsti því nánar með látbragði hvernig ákærði lægi þegar hann væri að snerta á henni þíkuna og hvernig hann bæri sig að við það. Hún sýndi að ákærði notaði hægri höndina þegar hann snerti hana en hefði vinstri handlegginn undir höfði hennar og öxlum þannig að hún væri nánast í fangi hans. Hún jánkaði því að þá væri ákærði sofandi. Hann væri að horfa á sjónvarpið en hún að reyna að sofna sem hann hefði sagt henni að gera. Þegar hann svo sofni, þá byrji þetta vandamál. Hann snerti hana alls staðar á líkamanum nema höfðinu og hárinu.
34. Brotapoli sagði að þegar hann væri að snerta hana heyrðust í honum hrotur: *Hann hrjótir bara, hrýtur... Já, svo heyrir stundum í sænginni bara hreyfast ótrúlega mikið.*
35. Þegar brotapoli var spurð hvenær eitthvað af þessu tagi gerðist síðast svaraði hún því til að hún hefði haldið að hann væri eitthvað skotinn í henni þannig að henni hefði brugðið mjög mikið. Aðspurð hvers vegna hún hefði talið hann vera skotinn í henni svaraði hún: *Af því mamma og pabbi gera þetta.* Jafnframt velti hún vöngum yfir því hvort hann hefði haldið að hún væri farin úr rúminu og þetta væri móðir hennar en ekki hún. Þessar vangaveltur rökstuddi hún með því að hann og móðir hennar geri þetta og *hann hugsir stundum vitlaust og stundum heyrnarlaus eitthvað.* Henni hefði brugðið þegar hann hefði verið að snerta hana og henni hefði liðið *ótrúlega illa.*
36. Brotapoli bar um að hafa sagt frá einhvern tímann eftir að hún hefði átt afmæli. Hún hefði sagt mömmu sinni frá því þegar pabbi hennar hefði verið í vinnunni. Svo hefði hann orðið *ótrúlega sár* út í hana, eins og hún komst að orði. Hún hefði líka verið *ótrúlega sár* út í hann og mamma hennar sagt að þetta væri *ótrúlega stórt vandamál.*
37. Þegar hún var spurð hvernig henni liði gagnvart pabba sínum á þeim tíma þegar viðtalið í Barnahúsi fór fram sagðist hún sakna hans stundum og væri svo leið af því að hún hefði sagt mömmu sinni frá. Hana langaði kannski bara að hafa annan pabba.
38. Sérstaklega aðspurð kvaðst hún ekki geta gefið nákvæmara svar en að hann hefði verið að snerta hana *ótrúlega oft.* Hann hefði gert þetta *aftur og aftur og aftur* og ef hún gæti ekkert sofið yrði hún ótrúlega pirruð í skólanum og gæti ekkert leikið við vinkonu sína. Hún sagði jafnframt frá því að hún reyndi að telja sér trú um að það væri mamma hennar sem væri í rúminu en það sé ekki hún heldur pabbi. Það sem henni þætti verst væri þegar hann væri að snerta á henni þíkuna og rassinn. Hann hefði verið að snerta á henni rassinn *svona fjórum eða fimm sinnum en þíkuna oftast.* Þegar hann væri að gera það væri hann stundum að klóra sér á einkastaðnum sínum. Svo snerti hann hana og þá færi hún sig

stundum aðeins lengra frá en þá taki hann utan um hana og ýti henni aftur að sér. Hann hafi verið að klóra sér í typpinu og stundum á rassinum og alls staðar. Aðspurð jánknaði hún því að hafa séð til hans klóra sér í typpinu. Svo hafi einu sinni verið gat á nariunum og þá hafi hún séð typpið hans, það var bara upp í loftið. Hann klóri sér í typpinu utan yfir nariunum en stundum bara innan undir. Brotaþoli bar um að hún hefði ekki snert einkastaði ákærða og ekki verið látin gera það. Eins hefði hún ekki séð neitt koma út úr typpinu á ákærða.

Matsgerð og vottorð

39. Með matsbeiðni, dagsettri 1. maí 2024, fór verjandi ákærða þess á leit að dómkvaddur yrði matsmaður til að framkvæma svefnrannsókn á ákærða til að meta atriði varðandi þær djúpsvefnsraskanir sem ákærði telji sig þjást af, þar á meðal svokallaða kynferðislega svefnröskun (e. *sexsomnia*). Þess var einnig óskað að matsmaður kynnti sér rannsóknargögn sakamálsins, sjúkrasögu ákærða, fjölskylduaðstæður og aðra persónulega hagi. Þess var óskað að matsmaður legði sjálfstætt mat á hvort ákærði þjáðist af djúpsvefnröskun og hvort ákærði væri haldinn kynferðislegri svefnröskun, sem orsakað gæti óviljandi og ósjálfráða kynferðislega hegðun eða snertingar gagnvart öðrum einstaklingi sér óafvitandi. Í þessu skyni var óskað svara við fimm spurningum: 1) Hvort ákærði væri haldinn djúpsvefnröskunum (e. *parasomnia*). 2) Hvort ákærði væri haldinn kynferðislegri svefnröskun (e. *sexsomnia*). 3) Hverjar væru helstu kveikjur (e. *triggers*) úr persónulegu lífi ákærða sem kyntu undir NREM-djúpsvefnröskunum. 4) Hvort það að brotaþoli hafi skriðið upp í rúm til ákærða og fyrrverandi sambýliskonu að næturlagi hafi getað orðið kveikja (e. *trigger*) að ómeðvitaðri kynferðislegri hegðun hjá ákærða. 5) Hvort matsmaður telji að hugsanlegt sé að ákærði hafi verið sofandi og ómeðvitaður um eigin gjörðir, sem fram koma í ákæru og málsgögnum.
40. Matsmaður var dómkvaddur 17. maí 2024 í samræmi við framangreinda beiðni. Á matsfundi 10. júlí 2024, sem sóttur var af sækjanda og verjanda, greindi matsmaður frá því að hann myndi hitta ákærða til að leggja klínískt mat á svefnvanda. Einnig yrði ákærði sendur í inniliggjandi svefnrannsókn með heilariti og myndbandsupptöku sem framkvæmd yrði á svefndeild Landspítala af lækni sem væri sérhæfður í slíkum rannsóknum. Þá greindi matsmaður frá því að hann hygðist hitta barnsmæður ákærða til að fá skýrari sýn á svefnsögu og mögulega kynferðislega hegðun í svefni hjá ákærða. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessar ráðagerðir.
41. Matsmaður lét í té matsgerð 26. ágúst 2024. Þar kemur fram að ákveðið hefði verið á matsfundi að matsmaður myndi hitta ákærða til að leggja klínískt mat á svefnvanda og að hann yrði sendur í inniliggjandi svefnrannsókn með heilariti og myndbandsupptöku sem framkvæmd yrði á svefndeild Landspítala af D svefnlækni. Frá því er greint að fram hafi komið af hálfu ákærða að hann ætti [...] börn með [...] konum og að hann væri ekki

í sambandi við neitt barna sinna eftir að mál þetta hefði komið upp. Um ástæður þess að hann hefði viljað kanna hvort hann gæti verið haldinn svefnröskun þar sem viðkomandi sýni kynferðislega hegðun í svefni (e. *sexsomnia*) hefði hann greint frá því að það væri eingöngu út frá framburði brotaþola sem segði hann hafa verið sofandi þegar meintir atburðir hefðu átt sér stað. Aðspurður um hvort hann eigi sér sögu um að sýna kynferðislega hegðun í svefni hafi hann greint frá því að það hafi gerst tvisvar sinnum, fyrst með fyrstu barnsmóður sinni, E, og síðan með móður brotaþola. Hann hafi lýst því þannig að í bæði skiptin hafi hann vaknað þegar þau hafi verið byrjuð að hafa samfarir. Hann telji á hinn bóginn að þær hafi haldið að hann hefði verið vakandi. Hann hafi greint frá því að þau E hefðu rætt um þetta á sínum tíma.

42. Hann hefði á hinn bóginn ekki munað til þess að hafa glímt við svefnvanda sem barn. Hann minntist þess ekki að hafa gengið í svefni eða sýnt aðra hegðun í svefni. Hann hefði sagst stundum hafa talað upp úr svefni sem unglingur ef mamma hans hringdi í hann til að vekja hann. Ákærði hefði sagt matsmanni að svefn hans væri ekki mjög góður. Hann væri lengi að sofna og vaknaði þreyttur. Hann sofi við ljós og sofni út frá sjónvarpi sem hann hafi í gangi alla nóttina vegna myrkfælni. Ákærði kveði lífsstíl sinn vera nokkuð góðan. Hann borði reglulega og fjölbreytt en sykurneysla og neysla koffíns sé mikil, bæði vegna kaffidrykkju og neyslu gosdrykkja. Hann segist drekka lítið áfengi en noti nikótín en engin önnur fíkniefni né lyf eða vítamín. Hann segi líkamlega heilsu vera ágæta en sé þó með verki í baki. Hann hafi einnig sagt að andleg heilsa væri ágæt og að hann hefði ekki leitað sér aðstoðar sálfræðinga né annarra fagaðila eftir að þetta mál hefði kom upp en hafi íhugað það. Hann segi að aðrir hafi kvartað yfir hrotum í honum en lýsir ekki öðrum einkennum kæfisvefns. Hann segist ekki vakna upp á nóttunni, svitni ekki né vakni upp í andköfum. Hann sé ekki með einkenni fótaóeirðar. Móðir sé með kæfisvefn og noti svefnöndunarvél.
43. Samkvæmt þeim prófum sem matsmaður hafi lagt fyrir ákærða sýni hann hvorki einkenni um kvíða né þunglyndi. Hann glími ekki við mikla streitu í daglegu lífi og sé hvorki með einkenni um óeðlilega dagsyfju, svefnleysi, kæfisvefn né merki um óeðlilega hegðun í svefni eða annan svefnvanda. Niðurstaða matsmanns var að klínískt viðtal og matskvarðar bendi ekki til þess að viðkomandi sé haldinn djúpsvefnröskunum (e. *parasomnia*) eða sýni kynferðislega hegðun í svefni.
44. Í matsgerðinni voru rakín viðtöl matsmannsins við barnsmæður ákærða.
45. B, móðir brotaþola, hefði greint frá því að hann hefði farið að sýna mikla reiði gagnvart syni hennar sem hún átti fyrir og svo gagnvart eigin syni sem hann átti með annarri barnsmóður sinni, E. Hann sýni drengjunum allt aðra hegðun en hann sýni stúlkunum, hans eigin dóttur og brotaþola. Hann sé mun strangari við drengina en stúlkurnar. Hún hafi sagt að þetta hafi orðið vandamál og þau hafi margsinnis þrætt um þetta. [...]. Aðspurð hefði vitnið borið um að hafa aldrei orðið vör við að ákærði glímdi við einhvern

svefnvanda. Hann hefði aldrei látið illa í svefni, gengið í svefni, talað eða sýnt aðra óeðlilega hegðun í svefni. Hann hefði aldrei rætt um neinn svefnvanda við hana. Hún hafi neitað því að hann hefði nokkurn tímann sýnt henni kynferðislega tilburði í svefni líkt og hann hafi greint frá í viðtali við matsmann. Hún hafi sagt að hann hefði alltaf verið mjög góður og blíður í kringum dóttur hennar og að henni hefði virst líða vel í návist hans til að byrja með. Með tímanum hefði dóttir hennar farið að sýna merki um óöryggi sem hafi til dæmis lýst sér þannig að hún hefði ekki viljað að mamma sín færi út og ef hún væri ekki heima hefði stúlkan hringt mikið í hana og beðið hana að koma heim, sérstaklega þegar hún var ein heima með ákærða. Móðir brotþola hafi lýst því að um viku áður en dóttir hennar hefði sagt henni frá meintum brotum hefði hún verið ein með ákærða í tvö skipti og hringt í mömmu sína í uppnámi í bæði skiptin og beðið hana um að koma heim.

46. Hún hafi lýst deginum er dóttir hennar hefði sagði henni frá meintu kynferðisofbeldi á þann hátt að dóttir hennar hefði ekki viljað vera heima með ákærða um morguninn þegar hún ætlaði að skutla syni sínum á leikskólann. Hún hefði því á endanum tekið hana með sér, stúlkan hefði verið ólík sér þarna. Hún hafi lýst því að þá um kvöldið, þegar ákærði hefði verið sofnaður, hefði dóttir hennar sagt henni frá því sem gerst hefði. Hún hafi borið um að dóttir hennar hefði sagt sér að ákærði hefði sagt við hana að hún mætti alls ekki segja frá, þetta væri leyndarmálið þeirra. Hún hafi lýst því hvernig henni hefði brugðið og ekki vitað hvernig hún ætti að bregðast við. Hún hefði farið með dóttur sína yfir til foreldra sinna [...] og þær mæðgur gist þar þá nótt. Þegar ákærði hefði verið farinn í vinnu næsta dag hefði hún farið heim og fengið vinkonu sína til sín og rætt málin. Hún hefði á endanum ákveðið að tilkynna þetta til lögreglunnar. Hún segist hafa rætt málið við ákærða þetta kvöld þegar hann hafi komið heim úr vinnu. Honum hefði brugðið og spurt mikið hvar og hvenær þetta ætti að hafa gerst og hafi neitað því að þessi brot hefðu átt sér stað. Hún hafi borið um að þau hefðu rætt þetta mikið og rifist yfir þessu næstu vikuna, bæði í skilaboðum og augliti til auglitis. Matsmaður gat þess að þessi frásögn væri í ósamræmi við frásögn ákærða sem hefði borið um að hann og móðir brotþola hefðu aldrei rætt saman um meint brot. Hún hefði greint matsmanni frá að [...] hinar barnsmæður ákærða hefðu sett sig í samband við hana eftir að þetta mál hafi komið upp og í kjölfarið klippt á öll samskipti við hann og neitað honum um umgengni við sín börn. Samskipti hennar við ákærða séu engin og hann umgangist ekki [...] né hafi sóst eftir því. Aðspurð hafi hún greint frá því að dóttir hennar hafi átt mjög erfitt eftir að þetta mál hefði komið upp, hún hafi verið mjög reið, þunglynd og [...] og hafi meðal annars [...] og verið lögð inn á Barna- og unglingsgeðdeildina (BUGL) þaðan sem hún hafi útskrifast í júlí [...]. Sjálf segist hún hafa átt mjög erfitt andlega eftir að málið kom upp en að hún fái nú aðstoð fagaðila til að vinna úr sinni vanlíðan.

47. Matsmaður ræddi einnig við móður elsta barns ákærða, E. Hún hefði greint frá því að samband þeirra hefði varað í um eitt ár og verið mjög stormasamt, þau hafi svo verið góðir vinir eftir að sambandi þeirra lauk. Hún hafi borið um að eftir að þeirra sambandi hafi verið lokið hefði ákærði sinnt syni þeirra vel þegar hann hefði verið í sambandi með öðrum konum sem hefðu þá annast um drenginn en þess á milli ekki. Hún hefði síðan tekið fyrir alla umgengni eftir að mál þetta kom upp.
48. E kvaðst aldrei hafa heyrt af því að ákærði glímdi við einhvers konar svefnvanda og segist sjálf telja það vera tilbúning og kjaftæði, eins og hún hafi komist að orði. Hann hafi aldrei gengið í svefni eða sýnt einhverja óeðlilega hegðun í svefni og hafi aldrei sýnt neina slíka kynferðislega tilburði gagnvart henni í svefni. Hún segir að þau hafi margoft deilt rúmi saman eftir að sambandi þeirra hafi lokið og þar hafi ákærði aldrei sýnt neina kynferðislega tilburði. Eina sem hún hafi sagt að hafi verið óeðlilegt varðandi svefn og kynlíf í þeirra sambandi hafi verið að hann hefði oft viljað að hún myndi sofna eða þykjast vera sofandi áður en hann stundaði kynlíf með henni. Hún hafi þvertekið fyrir að hann hafi nokkurn tímann verið sjálfur sofandi eða látist vera sofandi á meðan þau stunduðu kynlíf.
49. [...] konan sem átt hafði í sambandi við ákærða, F, kom einnig í viðtal hjá matsmanni og greindi frá því að þau hefðu ákveðið að byrja saman eftir að hún hefði orðið ófrísk. Hann hafi þá átt einn strák fyrir og þau hefðu tekið hann til sín. Greindi hún frá því að hún hefði verið inni í hans lífi frá þeim tíma og sinnt honum. Hún lýsti sambandi þeirra sem stormasömu og lýsti andlegu ofbeldi, mikilli stjórnun, hótunum um sjálfsvíg og fleira. Hún bar um að ákærði hefði oft verið vondur við son sinn. Hann hefði verið mjög strangur og skammað drenginn mikið. Þau hafi eignast saman dóttur sem ákærði hafi lítið sinnt. Hún kveðst hafa gefist upp á sambandinu vegna andlegs ofbeldis þegar dóttir þeirra var um fimm mánaða gömul og flutt þá út af heimilinu. Hún sagði að ákærði hefði verið mikið á sjó fyrstu tvö til þrjú árin í lífi dóttur þeirra og því lítið sinnt henni á þeim tíma. Hún greindi frá því að þegar ákærði hefði eignast kærustur og verið í sambandi hefði hann farið að sinna dóttur sinni og taka hana reglulega yfir helgar. Hún bar jafnframt um að þau hefðu átt ágæt samskipti og vinasamband eftir að ástarsambandi þeirra hefði lokið.
50. Hún hafi borið um að hafa aldrei heyrt um neinn svefnvanda hjá ákærða, hann hafi aldrei rætt það við hana né hafi hann sofið illa eða sýnt af sér einhverja sérkennilega hegðun í svefni á meðan þau voru saman. Hún hefði talið að þetta væri algjört bull. Aðspurð hafi hún sagt að ákærði hefði aldrei sýnt nein merki um kynferðislega hegðun þegar hann var sofandi.
51. Hún hefði greint frá því að hafa frétt af ásökunum um kynferðisofbeldi af hálfu ákærða í gegnum móðursystur hans. Hún hefði strax trúað þessum ásökunum enda hefðu svipaðar ásakanir komið upp varðandi dóttur þeirra á sínum tíma. Hún hefði lýst því að þegar dóttir hennar hefði verið um þriggja ára gömul hefði hún legið uppi í rúmi, sett fæturna

sundur og strokið yfir klop sitt og haft á orði að svona gerði pabbi sinn alltaf við hana. Vitninu hefði brugðið í brún og rætt þetta við ákærða sem hefði neitað öllu en hún hefði allt að einu látið Barnavernd vita. Framkvæmd hefði verið læknisskoðun á barninu en ekkert athugavert komið í ljós og málið síðan látið niður falla vegna ónógra sannana. Ákærði hefði einungis fengið að umgangast dóttur þeirra undir eftirliti um eins árs skeið og hún hefði alltaf haft varann á sér gagnvart honum frá þeim tíma. Eftir að hún frétti af ásökunum um brot hans gagnvart brotþola hefði hún aldrei efast um að þær ásakanir væru sannar og klippt á umgengni ákærða við dóttur þeirra. Hann hefði ekkert samband haft við hana né leitast eftir að fá að hitta dóttur þeirra eftir það.

52. Greint var frá því í matsgerðinni að framkvæmd hefði verið svonefndi inniliggjandi svefnrannsókn (e. polysomnography), framkvæmd með heilariti og myndbandsupptöku á Landspítala til að meta svefn og svefntengdar raskanir í tengslum við mögulega svefntengda kynhegðun (e. sexsomnia). Niðurstöðurnar sýndu að ákærði svaf í 6 klst. og 37 mínútur og var með eðlilega svefnnýtingu (88,4%). Djúpsvefn (N3) var óvenju mikill (27,5% af heildarsvefntíma) en eðlilegt hlutfall er 13–23%. Að sama skapi var REM-svefn undir eðlilegum viðmiðum. Hann var 18,8% en eðlilegt er að REM-svefn sé um 25% af heildarsvefni. Örvökur (e. arousals) voru 12,7 á klst. sem er yfir meðallagi en þær tengdust gjarnan öndunartruflunum. Rannsóknin hafi leitt í ljós að ákærði væri með miðlungs alvarlegan kæfisvefn, með Apnea-Hypopnea Index (AHI) 15,6/klst., og kæfisvefn hafi verið meiri þegar hann lá á bakinu (supine AHI 21/klst.), samanborið við þegar hann lá á hlið (non-supine AHI 9,2/klst.). Súrefnismettun hafi almennt verið eðlileg. Mælt hafi verið með að ákærði hæfi meðferð við kæfisvefni með svefnöndunar-tæki (CPAP) eða bitgóm.
53. Engin merki hafi verið um reglubundnar fótahreyfingar í svefni (PLMS). Rannsókn á hjartslætti (EKG) sýndi eðlilegan hjartsláttarhrynjanda. Ákærði gnísti tönnum í svefni og væri það sérstaklega tengt öndunartruflunum. Rannsóknin greindi einnig stöku REM-svefn með aukinni vöðvaspennu (REM án atóníu) sem geti verið merki um REM behaviour disorder en viðtöl og saga sjúklings bentu þó ekki til slíks. Mögulegt sé að þetta endurspegli truflun á REM-svefni vegna kæfisvefns. Ein örvun (e. arousal) úr djúpsvefni (N3-svefni) yfir í vöku átti sér stað kl. 03:36, ásamt óvenjulegum mjaðmahreyfingum í N2-svefni milli kl. 06:02 og 06:22. Þessar hreyfingar tengdust stundum öndunartruflunum.
54. Í matsgerðinni kemur fram sú ályktun læknis og sérfræðings í svefnrannsóknum að þessar niðurstöður staðfesti hvorki né útiloki að NREM-parasomnía eða kynferðisleg hegðun í svefni sé til staðar. NREM-parasomnía eru yfirleitt tengdar örvun úr djúpsvefni yfir í vöku, en geta einnig komið fram úr dýpri N2-svefni. Hafa ber í huga að kæfisvefn getur einnig valdið slíkum truflunum á djúpsvefni. Niðurstöður svefnrannsóknarinnar fylgdu matsgerðinni.

55. Í matsgerðinni var þeirri spurningu svarað hvað væri sexsomnia. Frá því er greint að sexsomnia sé sjaldgæf svefnröskun sem eigi sér stað í djúpsvefni og lýsi sér þannig að manneskja sýni kynferðislega tilburði eða kynferðislega hegðun í svefni án meðvitundar eða minninga um hegðunina. Algengt sé að þeir sem þjáist af þessari röskun þjáist einnig af öðrum svefnvanda og er þar langalgengast að vera með tíðar uppvaknanir (e. arousals), sér í lagi úr djúpsvefni. Einnig sé kæfisvefn nokkuð algengur meðal þeirra sem sýna kynferðislega hegðun í svefni. Einstaklingar sem séu haldnir þessari röskun muna sjaldnast eftir því að hafa sýnt kynferðislega tilburði í svefni. Algengar kveikjur þess að einstaklingar sýni kynferðislega hegðun í svefni séu neysla áfengis og fíkniefna, svefn-skortur, álag, breytingar á sólarhringstakti eða svefnraskanir á borð við kæfisvefn, fótaóeirð og fótakippi. Flestir sjúklingar eigi sér sögu um svefngöngu, næturtrylling (e. night terror) eða að tala upp úr svefni. Þegar kynferðisleg hegðun eigi sér stað í svefni gerist það oftast fljótlega eftir að viðkomandi sofnar þar sem djúpsvefn sé ríkjandi fyrri hluta nætur. Algengt sé að svefnrannsókn hjá þeim sem glíma við þessa röskun (sexsomnia) sýni uppvaknanir (arousals) úr djúpsvefni sem sé annars óalgengt að sjá. Sjaldgæft sé að kynferðisleg hegðun komi fram einmitt þá nótt sem svefnrannsókn sé framkvæmd.
56. Einkenni sexsomnia geta verið mjög breytileg, en geta meðal annars falið í sér sjálfsfróun, kynferðislega áreitni eða tilraunir til samfara í svefni. Líkt og áður hefur komið fram eru einstaklingar með sexsomnia sjaldnast meðvitaðir um hegðun sína og muna lítið eða ekkert eftir því að morgni. Þessi hegðun geti verið mjög truflandi, sérstaklega fyrir maka eða fjölskyldumeðlimi. Greining á sexsomnia sé flókin þar sem hún krefjist ítarlegrar sögu frá sjúklingi og/eða maka og oft svefnrannsóknar (e. polysomnography) til að útiloka aðrar mögulegar ástæður fyrir hegðuninni.
57. Dómkvaddur matsmaður dró saman niðurstöður sínar sem svör við þeim spurningum sem óskað var svara við í matsbeiðni.
58. Því var svarað neitandi að ákærði væri haldinn djúpsvefnsröskunum (e. parasomnia) og færð þau rök fyrir niðurstöðunni að klínísk greining og saga ákærða bendi ekki til þess að hann sé haldinn djúpsvefnsröskun. Svefnrannsókn sýni þó að ákærði sé með kæfisvefn og þar koma einnig fram truflanir á djúpsvefni sem eru þó að mestu tengdar öndunartruflunum og því staðfestir svefnrannsókn ekki grun um djúpsvefnsröskun.
59. Því var einnig svarað neitandi að ákærði væri haldinn kynferðislegri svefnröskun (e. sexsomnia) með þeim rökum að fyrirliggjandi gögn í málinu staðfesti hvorki né bendi sterklega til þess að ákærði sé haldinn djúpsvefnsröskun þar sem hann sýni kynferðislega tilburði í svefni. Þar vegi þungt viðtöl við ákærða og barnsmæður hans þar sem engin þeirra kannist við þessa hegðun og ákærði eigi sér ekki augljósa sögu um djúpsvefnsraskanir.

60. Hvað varðar spurningu er laut að mati á því hvort hugsanlegt sé að ákærði hafi verið sofandi og ómeðvitaður um eigin gjörðir eins og þeim sé lýst í ákæru var greint frá því að þar sem matsmaður teldi ákærða ekki vera haldinn djúpsvefnröskun teldi hann afar ólíklegt að ákærði hafi verið sofandi og ómeðvitaður um eigin gjörðir eins og þeim er lýst í ákæru.
61. Fyrir liggur vottorð Barnahúss, dagsett 10. nóvember [...], sem lýtur að sálfræðilegri greiningu brotþola sem Barnavernd Reykjavíkur hafði óskað eftir 3. júní [...]. Niðurstaða greiningarlista sem lagðir voru fyrir brotþola voru á þá leið að vísbendingar væru um einkenni þunglyndis hjá stúlkunni. Heildarskor á kvíða mældist innan eðlilegra marka en fór þó yfir klínísk viðmiðunarmörk á undirkvörðunum aðskilnaðarkvíði og frammistöðuótti. Einkenni áfallstreitu mældust yfir klínískum greiningarviðmiðum og því var mælt með áfallamiðaðri hugrænni atferlismeðferð fyrir stúlkuna. Í viðtali við móður stúlkunnar við upphaf meðferðar í október [...] hefði hún greint frá breytingum í skapi stúlkunnar eftir að meint brot hefðu átt sér stað. Hún hefði orðið vör við aukinn þirring og reiði hjá stúlkunni og einnig áhugaleysi fyrir hlutum sem hún hefði áður haft áhuga á. Hún segi hana einnig hafa verið farna að forðast aðstæður sem kröfðust þess að hún fækkaði fötum fyrir framan aðra, svo sem í búningssklefa í fimleikum, sundi eða leikfimi. Hún hafi hætt að mæta um tíma. Móðir hennar hefði einnig lýst einkennum árvekni hjá stúlkunni, að hún ætti erfitt með að vera ein heima og að henni brygði við minnsta áreiti. Allt séu þetta algengar afleiðingar þess að verða fyrir áfalli og geti flokkast undir einkenni áfallastreitu. Í viðtölum hefði stúlkan greint frá því að finna fyrir líkamlegum einkennum kvíða. Hún hefði oft fengið í magann og lýst ótta á næturnar. Hún vakni oft upp eftir að meint brot átti sér stað og skríði þá upp í til móður sinnar. Stúlkan segi þetta hafa lagast að hluta eftir að meintur gerandi flutti út af heimili en á meðan hann bjó á heimilinu hefði hún stöðugt fengið stingi í magann. Hún hafi einnig lýst ótta við að rekast á meintan geranda og kvíðaviðbrögðum sjái hún einstakling á förnum vegi sem líkist meintum geranda. Þar sem brotþoli flutti [...] með móður sinni og [...] reyndist ekki unnt að ljúka meðferðinni hjá Barnahúsi að svo komnu.
62. Barnahús gaf út nýtt vottorð sálfræðings 14. janúar [...] þar sem greint var frá greiningu og meðferð sem brotþoli hefði fengið í Barnahúsi í samræmi við beiðni Barnaverndar í kjölfar innlagnar hennar á BUGL í apríl [...] vegna [...]. Lagðir voru fyrir brotþola matslistar til að skima fyrir líðan hennar, auk þess sem hún sótti meðferðarviðtöl. Brotþoli hefði greint frá mikilli vanlíðan og greindi frá því að það sem hafi mest áhrif á hana í dag sé hið meinta kynferðisofbeldi af hendi fyrrum stjúpföður. Brotþoli tali um að finnast það *ógeðslegt* og lýsi því að fá ógeðstilfinningu þegar hún hugsar út í það. Brotþoli hafi einnig talað um að finnast hún vera *öðruvísi en aðrir* eftir að meint ofbeldi átti sér stað, hún passi ekki lengur inn í jafningjahópinn. Hún lýsi einnig áhyggjum af því að lenda aftur í einhverju svipuðu og lýsi miklum ótta við alla karlmenn. Hún hafi

jafnframt lýst vanlíðan heima við og rætt reiðitilfinningu sem hún finni í garð móður sinnar sem hún reki til þess að móðir hennar hefði ekki komið henni út úr aðstæðunum. Sjálfsálit stúlkunnar sé afar slakt og spurð út í eigin styrkleika hafi hún ekki getað nefnt neinn. Stúlkan hafi að sögn móður hennar verið orðin mjög einangruð og að hún héldi sig mikið heima við. Ályktað var í vottorðinu að framangreindar upplýsingar úr viðtölum væru lýsing á birtingarmynd einkenna hjá stúlkum sem falli vel að einkennum áfallastreituröskunar. Jafnframt var rakið að rannsóknir hafi sýnt að börn sem upplifi áfallaatburði áður en þau ná [...] ára aldri séu allt að þrisvar sinnum líklegri til að þróa með sér áfallaeinkenni en börn sem upplifa slíka reynslu í fyrsta sinn á táningsaldri eða síðar á ævinni. Brotapoli uppfylli greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun þegar spurt er út í einkenni í tengslum við meint kynferðisofbeldi. Erfitt sé að meta framtíðarhorfur stúlkunnar með fullri vissu þar sem meðferðarvinna sé enn yfirstandandi en vert að geta þess að til lengri tíma litið séu afleiðingar kynferðisbrota oft langvarandi og hafi reynslan sýnt að fremur algengt sé að fólk glími við afleiðingar slíkra brota á mismunandi æviskeiðum lífsins, til dæmis í tengslum við kynþroska, kynlíf, meðgöngu eða fæðingar og í tengslum við önnur áföll síðar á lífsleiðinni.

63. Fyrir liggur vottorð Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss frá 18. apríl [...] þar sem fram kemur að 3. apríl [...] hafi brotapoli komið til viðtals bráðateymis Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala eftir að hafa lýst [...] í viðtali við sálfræðing. Í bráðaviðtali hefði stúlkan sagt frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir um þremur árum síðan. Hún hefði lýst mikilli vanlíðan, að hún upplifði fyrirvaralaus grátköst, mikla reiði og leiða. Stúlkan hefði sagt frá því að hafa haft daglegar [...] í um [...] ár og hefði hugsað um [...]. Þá hefði hún lýst því að hafa nýlega byrjað að [...]. Stúlkan hefði verið metin í [...] og verið í kjölfarið lögð inn á legudeild til að hægt væri að [...] og gera nánara mat á líðan og aðstæðum.
64. Á innlagnartíma hefði verið lagt mat á andlega heilsu, líðan og félagslega stöðu stúlkunnar. Í viðtölum við sálfræðing og lækni hefði komið fram að hún væri að fá endurupplifanir er lytu að áfallinu sem hún hefði orðið fyrir og [...] í tengslum við þær. Stúlkan hefði hlotið meðferð Barnahúss í kjölfar áfallsins en virtist ekki hafa náð að vinna úr því og væri því enn að glíma við slæmar afleiðingar þess. Þverfaglegt mat teymis væri að meginvandi stúlkunnar væri áfallastreituröskun, kvíði og þunglyndi. Mjög líklegt væri að þetta myndi hafa alvarleg áhrif [...]. Hún hafi verið yfir klínískum viðmiðum fyrir almenna kvíðaröskun, félagsfælni og þunglyndi.

Skýrslur fyrir dómi

65. Fram kom í framburði ákærða að hann minnti að hann og móðir brotþola hefðu verið saman í [...] ár og að á þeim tíma hefði hann litið á brotþola sem stjúpdóttur sína. Ákærði var óviss um hvenær þau hefðu tekið saman og nefndi fyrst [...] og gat þess að hann væri

ekki alveg klár á dagsetningum. Stuttu eftir að þau hefðu tekið saman hefðu þau farið að halda heimili. Fljótlega eftir að þau tóku saman hefði hann kynnst brotþola og þau átt fínt samband sín á milli, þau hafi verið nán og hann verið henni stjúpfaðir. [...] hafi verið í heimili og hann búíð þar. Ákærði lýsti brotþola sem mjög leiðri frá því að hann kynntist henni og að hún hefði mætt illa í skóla. Hann kunnir ekki að greina frá ástæðu þess nákvæmlega en oft hefði hún verið leið vegna þess að henni hefði fundist hún feit. Í þessu samhengi svaraði ákærði því til að hann hefði aldrei nokkurn tímann rætt við brotþola um að halda leyndarmál eða segja ekki frá því sem gerðist á heimilinu. Samskipti við aðra hefðu verið góð á þessu tímabili og líðan annarra gagnvart honum verið góð. Á tíma sambúðarinnar hefðu engar breytingar átt sér stað á samskiptum hans og brotþola. Verkaskipting á heimilinu hefði verið sú að móðir brotþola hefði séð um húsverkin aðallega þar sem hann hefði verið í vinnunni en hann hjálpað til þegar hann var heima. Sambúðarslit hafi átt sér stað um mitt ár [...]. Þegar ákærði var spurður nánar út í tímasetningar staðfesti hann að sambúðin hefði staðið frá árinu [...] og fram á árið [...] en mundi ekki á hvaða árstíð þau hefðu skilið að skiptum en það hafi verið stuttu eftir [...]. Þau hafi líklega hætt saman í febrúar eða mars. Sambúðarslit hefðu orðið vegna mikilla rifrilda en deiluefnin hefðu ekki verið um neitt sérstakt. Í dag eigi hann ekki í neinum samskiptum við brotþola og móður hennar.

66. Ákærði kannaðist ekkert við ákæruefnið og neitaði aðspurður öllum sakargiftum. Þegar hann var inntur eftir því hvort hann hefði verið einn með brotþola í einhverjum tilvikum bar hann um að hann myndi ekkert sérstaklega eftir því, *ekkert sem poppar upp*, eins og ákærði orðaði það. Þegar hann var inntur eftir svefnvenjum á heimilinu bar hann um að hann og móðir brotþola hefði sofið í einu herbergi. Bróðir brotþola hefði verið í öðru og brotþoli og sonur hans hefðu verið í því þriðja þegar sonurinn hefði dvalið hjá þeim, annars hefði hún sofið ein í herbergi. Á næturnar hafi brotþoli stundum komið upp í til þeirra en ákærði var ekki viss um ástæðu þess að hún gerði það. Móðir brotþola svaf við hlið hans en fór stundum til sonar síns á næturnar því drengurinn átti það til að fá svonefndan næturtrylling. Móðir brotþola hefði stundum komið upp í rúm aftur en hefði stundum sofnað hjá drengnum og verið áfram í rúminu hjá honum. Ákærði bar um að hann væri ekki viss um það hvernig brotþoli hefði verið klædd þegar hún svaf en hann sofi í nærbuxum. Hann hefði ekki haft afskipti af börnunum á næturnar en kunnir aðspurður ekki skýringu á því. Hann minntist þess ekki að hafa svæft stúlkuna í hennar rúmi og/eða farið til hennar á næturnar þegar henni hefði liðið illa.
67. Ákærði kvaðst hafa frétt af frásögn brotþola stuttu eftir að hann flutti út af heimilinu en var ekki viss um hvenær það hefði verið, þetta væri búíð að skolast til sökum þess tíma sem liðinn væri. Hann hefði verið mjög hissa þegar hann fékk að vita þetta.
68. Ákærði var inntur eftir svefnháttum sínum og jánkaði því aðspurður að hafa fundið fyrir röskunum í svefni. Hann tali í svefni, þar með talið í símann, en gangi ekki í svefni og

var ekki viss hvort hann glímdi við kæfisvefn. Hann greindi frá því að það væri upplifun nákominna að hann sofi mjög fast og að erfitt sé að vekja hann. Aðspurður um hvort hann tengi þessar raskanir eitthvað við kynferðisleg samskipti bar hann um að slíkt hefði gerst en var ekki viss hvernig það gerist. Hann hafi vaknað við að hafa verið í kynferðislegum samskiptum við móður brotþola og barnsmóður sína, E, sem hann var í sambandi við áður og man eftir að hafa rætt það við þær báðar að hafa verið sofandi þegar þau hefðu verið að hafa samfarir. Aðspurður bar hann um að hafa ekki gert sérstakar ráðstafanir þótt hann hefði verið að vakna við samfarir þar sem hann hefði ekki haft áhyggjur af að eitthvað myndi gerast. Hann gat þess jafnframt að bróðir hans hefði ekki viljað sofa við hliðina á honum í æsku því hann hefði alltaf verið að knúsa hann sem bróðurnum þótti óþolandi.

69. Hann horfi á sjónvarp þangað til hann sofnar og sé vanalega farinn að sofa um kl. 23 eða á miðnætti en það sé ekki mikil regla á því. Hann sofni út frá sjónvarpi sem sé þá í gangi alla nóttina nema einhver annar slökkvi á því en hann sofi alla nóttina.
70. Inntur eftir því af hverju farið hafi verið fram á mat dómkvaddis matsmanns af hans hálfu sagði hann að það hefði bara verið í því skyni að þetta myndi liggja ljóst fyrir. Hann bar um það að gruna að hann væri haldinn kynferðislegri svefnröskun. Fyrir dómi sagðist ákærði hafa bent matsmanni á fleiri aðila, ættingja og vinkonu hans, G, sem hefðu getað borið um svefnháttu hans. Ákærði staðfesti að hann hefði ekki verið greindur með svefnröskun.
71. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við frásögn móður brotþola af samskiptum við hann um ákæruefnið. Hún hefði aldrei rætt við hann um frásögn brotþola, hann hefði verið farinn út af heimilinu þegar þetta kom upp. Ákærði gat enga skýringu gefið á því hvers vegna móðir brotþola hefði sagt að ætlað kynferðisbrot væri ástæðan og kannaðist ekki við neina umræðu þeirra á milli um þetta.
72. Ákærði var sérstaklega spurður um tilvik sem brotþoli og móðir hennar hefðu báðar borið um er laut að því að brotþoli hefði farið að hágráta er hann hefði haldið henni fastri í hjónarúminu þar sem þau tvö hefðu verið er móðir hennar hefði verið í rúminu hjá bróður hennar, hann hefði ekki sleppt þrátt fyrir þrábeiðni stúlkunnar og tilraunir hennar til að sleppa frá honum og haft á orði að það mætti alveg knúsa, eftir því sem móðir brotþola hefði borið um. Ákærði kannaðist við að atvikið hefði átt sér stað, það er að hafa vaknað við grát hennar og að hafa haldið um mittið á brotþola, en hann hefði sleppt henni strax þegar hann vaknaði. Hann kannaðist ekki við frásögn þeirra af atvikum. Ákærði bar um að hann viti ekki af hverju hún hafi verið að gráta en hún hafi sagt að sér þætti þetta óþægilegt. Hún hafi hugsanlega komið upp í rúmið þegar hann var sofnaður án þess að hann yrði var við það. Hann minntist þess ekki að hún hefði nokkru sinni komið upp í rúmið til hans á meðan hann hefði verið að horfa á sjónvarpið.

73. Móðir brotáþola, B, gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að á sambúðartíma hefðu verið allt að [...] börn á heimilinu, [...]. Þá hefði sonur ákærða verið þar aðra hverja viku og dóttir hans aðra hvora helgi. Hún og ákærði hefðu kynnst í menntaskóla og tekið saman í ágúst [...], þau hefðu svo hætt saman í apríl [...], þremur vikum áður en brotáþola gaf skýrslu hjá Barnahúsi, 2. júní [...]. Með þessum ummælum hefur móðir brotáþola væntanlega vísað til skýrslu sem hún gaf sjálf 6. maí hjá lögreglu, sbr. efnisgrein nr. 5 hér að framan. Sambúðinni hafi lokið þegar brotáþoli tilkynnti móður sinni hvað hefði komið fyrir, það hefði verið ástæða sambandsslitanna.
74. Herbergjaskipan hefði verið sú að þrjú svefnherbergi voru í íbúðinni og var koja í öðru barnaherberginu. Brotáþoli hefði sofið mikið með strákunum í herbergi, N, syni ákærða, og yngri bróður sínum. Ákærði hefði sinnt börnunum lítið en lesið fyrir son hennar og brotáþola uppi í rúmi á kvöldin. Samskiptin á heimilinu hefðu verið fín til að byrja með en breyst mjög mikið í lok árs [...] en þá hefði ákærði farið að sýna mikla reiðihegðun gagnvart börnunum, sérstaklega strákunum.
75. Brotáþoli hefði sagt móður sinni frá ákæruefninu í apríl [...] en hefði verið búin að vera mjög skritin undanfarið. Hún hefði tilkynnt þetta eitt kvöldið er B var á leiðinni út en hún sagðist hafa farið á bingó einu sinni í viku eða hálfsmánaðarlega. Brotáþoli hefði sagt að hún vildi ekki vera ein með ákærða og þegar B hefði innt eftir ástæðu þess og hvað hefði komið fyrir hefði brotáþoli sagt að hann hefði snert sig. Þegar B hefði spurt hvar, þá hefði stúlkan sýnt það með látbragði og síðan sagt að hann hefði farið með höndina inn í klof hennar og fært höndina þar upp og niður. B mundi ekki hversu oft stúlkan hefði sagt að þetta hefði gerst en hún hefði sagt að það hafi verið oft. Þetta hafi aðallega gerst á kvöldin þegar B var ekki heima. Brotáþoli hefði sagt að þetta hefði alltaf gerst upp í rúmi en óljóst var í hvaða rúmi. Brotáþoli hefði sagt móður sinni að ákærði hefði sagt henni að hún mætti ekki segja frá þessu og upplifði B það svo að brotáþoli væri hrædd við viðbrögð hans, hvernig hann myndi bregðast við. B bar um að hafa liðið mjög illa þegar brotáþoli hefði sagt henni frá og ekki vitað hvernig hún ætti að bregðast við. Hún hefði lagt trúnað á frásögn dóttur sinnar. Degi seinna hefði brotáþoli farið yfir til foreldra móður sinnar sem hefðu [...] en B rætt við ákærða sem hafi ekki beinlínis neitað þessu. Telur hún að ákærði hafi verið hræddur um að eitthvað hafi gerst á meðan hann hafi verið sofandi án þess að hann hafi vitað af því sjálfur. B kveðst hafa spurt ákærða hvort hann hefði snert hana, hvort hann hefði gert eitthvað meira og af hverju hann hefði sagt henni að hún mætti ekki segja móður sinni frá. Hann hefði svarað mjög litlu og hún minntist ekki viðbragða af hans hálfu en hann hefði sent mikið af skriflegum skilaboðum og beðið sig að hitta sig eftir sambandsslitin sem hefði ekki átt sér stað.
76. Vitnið var spurð um líðan dóttur sinnar og bar um að stúlkan hefði verið mjög glöð stelpa [...]. Hún hefði á þessum tíma, [...], verið mjög feimin og viljað hætta í skóla. Hún átti enga vini og fannst hún vera ljót og feit. Henni hefði þótt hún niðurlægð og verið mjög

döpur. Miklar breytingar hefðu orðið á henni í kringum byrjun árs [...] sem B tók eftir. Samband hennar og ákærða hefði í fyrstu verið mjög gott. Hún hefði mátt allt og verið mjög háð ákærða. Það eina sem hún hafi ekki mátt gera hafi verið að gista annars staðar, þar á meðal hjá foreldrum B sem [...].

77. Aðspurð um samskipti ákærða við brotþola greindi B frá því að þau hefðu verið ein saman þegar hún fór út að hitta vinkonur sínar en hann hefði líka oft átt það til að labba inn á stúlkuna þegar hún var í baði og loka á eftir sér. Börnin hafi síðan ekki alltaf sofið í sínu rúmi, bæði bróðir brotþola og hún komu oft upp í hjónarúmið. Þegar B hefði verið komin [...] hefði hún ekki getað haft neinn sín megin í rúminu. Börnin hefðu því lagst hans megin í rúmið. Hún hefði sinnt börnum á næturnar en aðallega drengurinn hefði þurft á því að halda. B hefði farið mikið til hans og þá upp í hans rúm. Það hefði síðan gerst í eitt skipti að B hefði vaknað upp við öskurgrát í brotþola og er hún kom inn í herbergið hefði ákærði haldið brotþola og ekki viljað sleppa henni. Er B kom inn hafi hún heyrt stúlkuna ítrekað biðja ákærða um að sleppa sér sem hann hafi ekki viljað gera fyrir en skyndilega og þá hafi stúlkan farið fram úr og út í horn þar sem hún hefði staðið grátandi. Þessi atburður hefði átt sér stað í herbergi stúlkunnar en B hefði verið í sínu herbergi. B áréttaði að þau hefðu pottþétt líka getað verið ein í hjónaherberginu þegar hún sjálf hefði verið frammi eða hjá syni sínum. Aðspurð greindi hún frá því að stúlkan hefði sofið í nærbuxum og bol. Ákærði hefði sofið í nærbuxum.
78. B greindi frá því að stúlkunni hefði liðið mjög illa, hún hefði notið sálfræðipjónustu í Barnahúsi eftir skýrslutöku. Brotþola hefði svo liðið það illa á heimilinu vegna þessara atvika að tekin hefði verið ákvörðun um að flytja [...]. Brotþoli hefði því misst af tímum hjá sálfræðingi í Barnahúsi vegna fjarlægðar auk annarra aðsteðjandi vandamála. Er þau fluttu [...] hefði brotþoli byrjað að fá köst sem fólu í sér að henni hefði liðið mjög illa og því hefði verið ákveðið að flytja aftur [...]. Líðan hennar hefði verið orðin svo slæm að hún hefði endað inni á BUGL [...]. Hún væri enn í meðferð [...], og í sálfræðimeðferð í Barnahúsi. Hún hefði á tímabili lokað sig inni í herbergi og ekki viljað tala við neinn og ekki borðað. Í dag líði henni betur en enn komi dagar þar sem henni líði illa.
79. B tók það fram að brotþoli hefði ekki greint henni frá því að ákærði hefði verið sofandi en hún hefði nefnt það við aðra manneskju. B kveðst hafa sagt brotþola frá að hún þyrfti ekki að segja fleirum frá, til dæmis í skólanum, eftir að yrði búin að fara í skýrslutöku í Barnahúsi en hún hefði á hinn bóginn misskilið þessi orð þannig að með þessu væri móðir hennar að banna henni að tjá sig. Aðspurð kannaðist B ekki við að stúlkan hefði sagt frá því að þetta hefði gerst í hjónarúminu. Þá kannaðist B ekki við að stúlkan hefði verið búin að ræða þetta fyrir. B bar þó um að hafa grunað eitthvað af því að brotþoli sem hefði áður verið mikið hjá foreldrum hennar hefði ekki mátt það lengur. Þetta hefði henni þótt tortryggilegt eins og verið væri að fela eitthvað en hana hefði ekki grunað neitt í þessa veru.

80. B ítrekaði að ákærði hefði ekki neitað því að þetta hefði átt sér stað og verið hræddur um að eitthvað hefði komið fyrir á meðan hann hefði verið sofandi. Hann hefði hvorki verið að staðfesta né neita að eitthvað hefði gerst. Hún gæti þó ekki fullyrt um fjölda tilvika. Stúlkan hefði ekki sagt neitt um staðsetningu og tímasetningu þegar hún sagði frá því að hann hefði verið að snerta hana í klofinu. Það eina sem hún hefði sagt um aðstæður hefði verið að hún hefði talið að hann væri sofandi.
81. B bar um að hún hefði aldrei orðið vör við óvenjulegar svefnvenjur hjá ákærða á sambúðartíma þeirra. Hún vaknaði aldrei upp við neitt knús eða annað slíkt af hans hálfu og minnst þess ekki að þau hafi rætt slíkt tilvik eins og ákærði bar um. Eina sérstaðan sem hún bar um var að ákærði færi mjög seint að sofa, aldrei fyrr en kl. 2 eða 3 á nóttunni heldur væri að horfa á sjónvarpið.
82. H, sálfræðingur í Barnahúsi, gaf skýrslu um greiningarviðtöl sem hún tók við brotþola, fyrst árið [...] og svo árið [...] í samræmi við tilvísun Barnaverndar vegna gruns um kynferðisbrot. Sálfræðingurinn gerði grein fyrir þeirri greiningu sem fram hefði farið. Brotþoli hefði sýnt margs konar einkenni sem algeng séu í tilvikum sem þessum þar sem greint er frá kynferðisbroti. Hún hefði strítt við aðskilnaðarkvíða frá móður sinni og þunglyndiseinkenni hefðu verið yfir klínískum viðmiðum, auk þess sem áfallaeinkenni hefðu einnig verið yfir klínískum viðmiðum. Brotþoli hefði lýst líkamlegum einkennum, svo sem magapínu sem hefði lagast er ákærði hefði flutt út af heimilinu. Hún hefði glímt við ótta við að rekast á ákærða á förnum vegi og sýnt kvíðaviðbrögð ef hún sæi einhvern sem líkist honum eða minnti á hann. Í viðtali hefði móðir hennar greint frá auknum þirringi og áhugaleysi og að hún hafi forðast aðstæður þar sem hún þyrfti að fækka fötum fyrir framan aðra, svo sem í leikfimi og sundi. Hún eigi erfitt með að vera ein heima og bregði við minnsta áreiti. Hún hefði flosnað upp úr fyrri meðferðinni [...] en svo hefði aftur borist tilvísun [...] eftir [...] og innlögn á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala en tilefni þeirrar innlagnar hefði verið skilgreint sem þetta tilvik kynferðisbrots sem grunur léki á að brotþoli hefði orðið fyrir. Í sálfræðigreiningu á vegum Barnahúss hefði brotþoli aftur farið yfir greiningarskilmerki vegna kvíða, depurðar og fleira. Það sem hefði valdið henni mestum vanda hefði verið greint sem kynferðisofbeldi sem hún hefði orðið fyrir. Hún hefði lýst því að fá ógeðistilfinningu við að hugsa um þetta og að henni hefði fundist eins og hún passaði ekki inn í jafningjahóp. Hún hefði lýst áhyggjum yfir því að lenda aftur í svona ofbeldi og lýst ótta við alla karlmenn. Brotþoli hefði einnig greint frá erfiðum aðstæðum heima og reiðitilfinningu í garð móður sinnar þar sem henni hefði fundist að móðir hennar hefði átt að geta komið henni út úr aðstæðunum á sínum tíma. Sjálfsálit hennar hefði einnig verið mjög slakt. Móðir hennar hefði svo talað um að hún væri orðin mjög einangruð og umgengist ekki jafningja. Að lokinni greiningarvinnu sem vitnið stóð að var haldið áfram með brotþola í áfallavinnu allt fram á árið [...] en þá á vegum annars sálfræðings hjá Barnahúsi. Vitnið

greindi frá því að í raun hefði enginn bati átt sér stað af fyrri meðferðinni, árið [...], og það hefði ekki komið á óvart að hún kæmi aftur. Mjög algengt sé að krakkar komi aftur þegar [...]. Vitninu þótti brotaþoli sjálfri sér samkvæm og lagði trúnað á frásögn hennar. Skimað var fyrir öðrum áföllum í upphafi en ekkert annað kom fram sem skýrt gæti stöðu brotaþola. Erfitt væri síðan að segja til lengri tíma litið hver meðferðarþörf yrði en einkenni geti blossað upp síðar á lífsleiðinni, eins og til dæmis við kynþroskaaldur, við fyrstu kynlífsreynsluna og við barneignir.

83. I, geðlæknir á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala, gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti vottorð frá 3. apríl [...]. Læknirinn greindi frá því að brotaþoli hefði komið í bráðaviðtal [...] og hefði fengið bráðainnlögn [...]. Metið var að þessi alvarlega líðan hefði komið í kjölfar kynferðisofbeldis sem hún hefði orðið fyrir [...] árum fyrr. Brotaþoli fengi endurupplifanir af áfallinu sem hafi leyst [...] úr læðingi. Í kjölfarið hefði verið unnið í því að vinna gegn þeim þönkum í innlögninni. Hún hefði verið útskrifuð eftir 22 daga en hún hefði raunar ekki verið inniliggjandi allan þann tíma og fengið svo í kjölfarið eftirfylgd þjónustuteymis bráðatilvika.
84. J, félagsráðgjafi á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið greindi frá því að hafa átt hlut að því að annast um brotaþola í þjónustuteymi bráðatilvika geðdeildarinnar allt fram til 15. janúar [...]. Brotaþoli hefði í upphafi verið [...], átt við mikla vanlíðan að stríða og hefði aftur [...]. Eitt af því sem unnið hafi verið með á vettvangi þjónustuteymisins var að útfæra öryggisáætlun til að hjálpa barni við að takast á við erfiðar hugsanir.
85. Dómkvaddur matsmaður, K, kom fyrir dóm, gerði grein fyrir matsniðurstöðum sínum og staðfesti matsgerð sína. Hún gerði grein fyrir því að hún hefði hitt ákærða og framkvæmt klínískt greiningarviðtal. Hún hefði hitt [...] barnsmæður hans og hlutast til um að hann undirgekkst svefnrannsókn. Matsmaðurinn útskýrði og gerði grein fyrir kynferðislegri svefnröskun (e. *sexsomnia*) sem falli undir almennar svefnraskanir, svo sem svefngöngu, næturtrylling og fleiri sem eigi sér stað í djúpsvefni. Sá sem er haldinn slíkum röskunum muni yfirleitt ekki eftir þessu næsta dag er hann er vaknaður. Kynferðisleg svefnröskun sé mjög óalgengt tilfelli en valdi oft vandræðum í samskiptum við aðra, maka og aðra sem deila svefnrými með viðkomandi einstaklingi. Matsmaðurinn bar um að erfitt væri að greina þessa röskun og margt þurfi að koma til. Langalgengast sé að viðkomandi eigi sér sögu um aðrar svefnraskanir. Við greiningu vegi klínísk saga mjög þungt og þá sérstaklega upplýsingar af upplifun þeirra af röskuninni sem deilt hafi rúmi með viðkomandi. Til þess að slá greiningu fastri þarf samspil af klínísku mati og svefnrannsókn sem framkvæmd er með innlögn á spítala þar sem viðkomandi dvelji yfir nótt, tengdur ýmiss konar mælitækjum, og hátterni í svefni er jafnframt tekin upp í hljóði og mynd.

86. Algengast er að svefnröskun þessi leysist úr læðingi við tilteknar aðstæður, til dæmis í kjölfar fíkniefnaneyslu, vansvefns og slíkra atriða. Um sé að ræða fjölþætt mat sem *súmmarist* upp í sexsomnú. Ákærði hefði sagt matsmanni frá því að hann ætti sér ekki sögu um skrítna svefnhegðun, hann gengi ekki í svefni og þess háttar en hefði talað upp úr svefni. Aðspurður um ákæruatriðin hefði hann borið um að hann hefði ekki gert þetta og að hann hefði ekki verið sofandi. Sú frásögn hefði verið í samræmi við það sem hefði komið fram í yfirheyrslum. Hann hefði þó nefnt að hann ætti sér sögu um svona tilvik með tveimur barnsmæðrum sínum, að hafa stundað með þeim kynlíf sofandi án þess að þær hefðu fattað það. Hann hefði ekki lýst öðrum einkennum svefnraskana í klínísku viðtali. Matsmaðurinn gerði grein fyrir þeirri ályktun sem fram kæmi í matsgerð að klínískt mat hefði ekki gefið tilefni til að komast að þeirri niðurstöðu að ákærði væri haldinn sexsomnú og svefnrannsókn sem framkvæmd hefði verið hefði ekki stutt það heldur né útilokað en þetta tvennt þyrfti að fara saman. Matsmaður ræddi við [...] barnsmæður ákærða sem komu matsmanni fyrir sjónir sem góð vitni um svefnvenjur ákærða. Þar sem hann sjálfur hefði ekki talið sig haldinn svefnröskunum hefði ekki verið tilefni til að ræða við fjölskyldumeðlimi um hegðun í æsku. Óþarft hefði verið að kalla foreldra til þar sem [...] barnsmæður gátu borið um hegðun hans. Með slíkum viðtölum, þar með talið af ákærða, væri verið að æskja upplýsinga um svefnhegðun, rútínu og raskanir, lífsstílshætti og útilokun annarra þátta. Matsmaður greindi frá því að alltaf væri lagt mat á trúverðugleika í viðtölum og því rætt við aðra til að staðreyna það sem fram kæmi. Matsmaður staðfesti þá niðurstöðu að hún teldi ákærða ekki vera haldinn svefnröskunum.
87. Nánar spurð um trúverðugleika ákærða greindi matsmaður frá því að ákærði hefði komið ágætlega fyrir en verið aðeins ringlaður og ekki alveg með það á hreinu af hverju hann væri kominn á fund matsmannsins. Hann hefði verið dálítið tvísaga, hann hefði sagt eitt, dregið það til baka og sagt annað í þess stað. Matsmaður gat þess að henni hefði fundist ákærði tilfinningalega ótengdur umfjöllunarefninu. Hann hefði virst að mörgu leyti trúverðugur en hefði bakkað fram og til baka, sýnt ákveðið óöryggi og á stundum ekki verið viss hvernig hann ætti að svara sem hefði dregið nokkuð úr trúverðugleika hans, auk þess sem hann hefði ekki getað stutt svör sín með dæmum. Það sem hann lýsti er laut að samskiptum við barnsmæður hans fékk að hennar mati ekki stoð í framburðum þeirra. Þær hefðu komið vel fyrir og verið yfirvegaðar. Matsmaður áréttaði að skýr saga þyrfti að liggja fyrir um kynferðislega hegðun í svefni sem studd væri af frásögn annarra sem hafa upplifað hana og svefnrannsókn þyrfti að styðja slíka niðurstöðu til að unnt væri að staðfesta sexsomnú. Þessir hlutar báðir þyrftu að liggja fyrir, sérstaklega ef rannsókn færi fram vegna dómsmáls eins og þessa. Það myndi ekki leynast ef um þessa röskun væri að ræða því það sæist að viðkomandi væri *ekki á staðnum*, væri með hálfopin augu,

erfitt væri að ná sambandi við hann og hann myndi ekki svara ef til hans væri talað. Viðkomandi myndi hvorki eiga í samtölum né vera eins og hann ætti að sér á daginn.

88. D kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sínu og þær ályktanir sem fram komu í henni. Hann áréttaði að til þess að framkvæma greiningu þyrfti að horfa til gagna út fyrir svefnrannsóknina sem slíka en hann gætti þess að draga engar ályktanir umfram þær sem draga mætti af þeim gögnum sem urðu til við rannsókn hans. Til þess að komast að niðurstöðu um greiningu yrði þannig að horfa á málið í víðara samhengi. Í þessu tilviki voru hreyfingar sem sáust á upptöku af svefnrannsókninni sem voru tvíræðar en matsmaður hefði fengið afrit af þeim upptökum. Því var svarað að aukning í tíðni á heilabylgjum gæfi vísbendingu um kæfisvefn. Í djúpsvefni, oftast á fyrri hluta nætur, gerist það samkvæmt erlendum rannsóknum en vegna staðsetningar Íslands og tímabeltis sem og nálægðar við norðurskautið er algengt að djúpsvefn ungra íslenskra karlmanna dreifist meira yfir nóttina vegna meiri ruglings á líkamsklukkunni en í öðrum löndum.
89. L, móðir ákærða, bar um að hann hefði alltaf sofið mjög fast, gengið í svefni, talað upp úr svefni og gert ýmislegt í svefni. Þetta kvaðst hún þekkja mjög vel þar sem hún væri svona sjálf. Aðspurð bar hún um að hafa ekki sofið nálægt honum síðan á æskuárum og viti því bara það sem henni hafi verið sagt af systkinum hans en sú frásögn væri mjög í stíl við það sem hún hefði upplifað þegar hann var krakki. Þá hafi hann komið sofandi upp í rúm með koddan og sæng. Vitnið kvaðst eiginlega vera viss um að hann væri með kæfisvefn eins og hún. Hann hafi sýnt af sér heilmikla óeirð í svefni. Í eitt skiptið, er hann var átta ára, hefði hún bitið hann í handlegginn þar sem hún hélt að verið væri að ráðast á hana. Hún hafi gert þetta í svefni og hann líka verið sofandi við þetta tækifæri. Þessi hegðun hefði staðið fram til 15 ára aldurs hans. Hann hefði til dæmis farið sofandi á *klósettið* en í stað þess að gera það hefði hann pissað þar sem hann hefði staðið. Aðspurð kvað hún þetta hafa gerst óteljandi sinnum en þetta hefði komið í bylgjum. Hún gat ekki sagt nákvæmar til um þessi tilvik. Vitninu var ekki kunnugt um hvort þetta hefði gerst eftir að ákærði komst á fullorðinsár.
90. M, systir ákærða, bar um að allir í fjölskyldunni svæfu mjög fast. Hún tiltók sama dæmið og móðir hennar er hún hefði bitið ákærða en vitnið kvaðst hafa vakið ákærða og móður þeirra í greint sinn. Vitnið tiltók að þetta atvik hefði átt sér stað þegar ákærði var 12 ára. Hann sofi alltaf svo fast en að auki vildi bróðir þeirra alls ekki sofa með honum í rúmi þar sem hann tæki utan um allt þegar hann var sofandi. Þá tiltók vitnið að ákærði hefði gengið í svefni og þess háttar en gat ekki greint nánar frá því.
91. E, barnsmóðir ákærða, kom fyrir dóm. Hún bar um að þau hefðu verið í sambandi [...], í um eitt og hálf ár, og eignast son í lok þeirrar sambúðar. Þau hefðu verið sundur og saman sem vinir og/eða bólfélagar í nokkuð mörg ár þar á eftir og deilt rúmi oft á þessum tíma. Fram kom hjá henni að mikil óregla hefði verið á svefni hjá ákærða sem hafi falist í því að hann hafi vakað mikið fram eftir og sofið stutt. Aðspurð kvað hún ekkert hafa

raskað svefni hans annað en að vaka fram eftir. Hvað kynlíf snertir hafi það verið mikið sport hjá honum að bíða eftir að hún væri sofnuð til þess að fara að leita á hana, jafnvel þannig að hún yrði að vera sofnuð til að hann væri til í kynlíf þótt hún hefði hug á slíku sjálf. Á stundum hefði hann viljað hafa þann hátt á að geta hafið samfarir áður en hún vaknaði þannig að hún vaknaði upp við kynlífsathafnir hans, slíkt hefði honum þótt mjög *hot*. Í þessum tilvikum hafi hann sjálfur ekki verið sofnaður enda hefði hann rætt það að hann vildi að hún væri sofnuð. Hann hefði aldrei sýnt af sér kynferðislega hegðun þegar hann var sofandi, það hefði komið fyrir að hann hefði vaknað um miðja nótt og viljað stunda kynlíf en ekki á meðan hann var sofandi. Hún kvað hann aldrei hafa rætt um að hann hefði stundað kynlíf með henni sofandi. Það hafi verið hann sem hefði haft áhuga á að stunda kynlíf þegar hún væri sofandi. Það hefði honum þótt spennandi, en þegar hann hefði verið sofandi við hennar hlið hefði hann bara verið sofandi.

92. F kom fyrir dóminn sem vitni en hún var í sambandi með ákærða frá [...] fram á mitt ár [...], í eitt og hálf ár. Þau hefðu staðið saman að uppeldi barns og svo hefði sonur hans líka verið á heimilinu. Heimilislíf þeirra hefði verið fínt og ósköp venjulegt. Þau hefðu deilt rúmi og hefðu svefnhættir verið venjulegir. Ákærði hefði farið að sofa um miðnætti og vaknað um kl. 7 á morgnana. Ekkert einkennandi eða óvenjulegt hefði verið við hans svefnhætti. Hann hefði ekki leitað á hana þegar hann var sofandi og sýndi ekki kynferðilega hegðun í svefni svo hún tæki eftir.
93. G gaf skýrslu sem vitni. Hún greindi frá því að hún hefði kynnst ákærða 2013 í gegnum systur hans og með þeim tekist vinfengi en hún hefði svo flutt af landi brott 2015. Aðspurð um hvort hún hefði heyrt eitthvað af háttsemi ákærða í svefni bar hún um að hafa heyrt fyrst af slíku frá hans fyrrverandi, E. Hún hefði kvartað undan honum fyrir að hafa byrjað á einhverju kynferðislegu sem hann hefði svo bakkað út úr undir þeim formerkjum að hann hefði verið sofandi. Þá hefði vitnið heyrt frá systur hans að hann væri mjög kúrin í svefni. Á þessum tíma, 2013 eða 2014, hefðu þau tvö oft verið í fjögurra manna hópi saman í gleðskap í miðborg Reykjavíkur um helgar. Eitt sinn hefði orðið úr að gista hjá kunningja í miðborginni og þar hafi aðstæður verið slíkar að fjórir deildu rúmi og hún sjálf ætlaði að sofa í svefnsófa frammi í stofu. Kunningjakona hennar, húsráðandi, hefði þá komið fram og kvartað yfir því að það væri ekki mjög þægilegt að sofa nálægt vini hennar. Þá hefði hún munað eftir því sem E hefði sagt við hana og innti eftir því hvort hann hefði verið eitthvað óviðeigandi við kunningjakonuna. Hún hefði hljómað óviss og því hefði vitnið gengið á hana hvers vegna svo væri og þá fengið það svar að hún hefði þótt nokkuð viss um að hann væri sofandi þrátt fyrir áganginn. Hún hefði greint kunningjakonu sinni frá því að hún hefði heyrt að hann væri mjög kúrin í svefni og hún þá haft á orði að fyrr mætti nú vera og bar fyrir sig að þekkja ákærða ekki nógu vel til að ýta honum burtu frá sér. Vitnið kvaðst á hinn bóginn þekkja hann nægjanlega og víxlaði svefnaðstöðu þar með og fór upp í rúm með ákærða og hinum sem

þar voru. Nóttin hefði svo farið í það að hrinda ákærða af sér þegar hún vaknaði við að hann hélt utan um hana bæði með löppum og höndum. Hendur hans hefðu ekki alltaf verið staðsettar á viðeigandi stöðum miðað við að þau væru vinir og ekkert annað. Hún ýtti honum ítrekað harkalega frá sér enda svæfi hann mjög fast og því yrði að hafa þann hátt á. Eins hefði hún vaknað við að hann hefði rumskað og verið að ýta henni frá sér. Næsta morgun hefði hún nefnt þessa háttsemi við hann fyrir framan aðra sem í hópnum voru. Hún hefði þá komist að því að vinkona sem hafði sofið hinum megin við ákærða hafði svipaða sögu að segja af áreiti hans um nóttina.

Niðurstaða

94. Í máli þessu eru til úrlausnar ákæruatriði sem heimfærð eru undir 2. mgr. 202. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 202. gr. varðar það fangelsi allt að sex árum að hafa í frammi kynferðislega áreitni gagnvart barni. Sömu refsingu má gera þeim sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð niðja núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka sem búi með honum á heimili með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt í samræmi við 1. mgr. 218. gr. b. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að ef brot er stórfellt geti það varðað fangelsi allt að 16 árum.
95. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákæruvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Dómurinn metur hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 109. gr. sömu laga, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá er í 2. mgr. greinarinnar mælt fyrir um að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafi sem ekki varða beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um.
96. Í máli þessu nýtur ekki við sýnilegra sönnunargagna sem varpað geta beint ljósi á atvik þau sem ákæra lýtur að. Ráðast lyktir málsins þannig af mati á sönnunargildi og trúverðugleika framburðar brotþola og ákærða fyrir dómi, meðal annars með tilliti til þess hvernig þeir samrýmast öðrum framburðum sem áhrif geta haft þar á og sýnilegum sönnunargögnum, sérstaklega í umfjöllun og niðurstöðu í fyrirbyggjandi matsgerð dómkvadds matsmanns.
97. Upphaf þessa máls er til þess að rekja að brotþoli beygði af og mátti ekki sjá af móður sinni er hún var að fara að heiman í apríl [...]. Ástæðu þess sagði brotþoli felast í því að ákærði hefði verið að snerta hana á kynferðislegan hátt en móðir hennar hefur borið um að henni hefði þótt stúlkan búin að vera skritin mánuðina á undan.
98. Að sögn móður brotþola leiddi þetta til sambandsslita við ákærða og þess að hann var kærður til lögreglu fyrir kynferðisbrot en hún gaf skýrslu hjá lögreglu 6. maí [...], að sögn

um það bil einni og hálfri viku eftir að stúlkan greindi henni frá. Ákærði hefur á hinn bóginn byggt á því að ósætti þeirra á milli hafi leitt til sambandsslitanna.

99. Brotaboli gaf skýrslu í Barnahúsi 2. júní [...] en efni þeirrar skýrslutöku er rakið í efnisgreinum nr. 27–38 hér framar. Þegar lagt er mat á framburð stúlkunnar, bæði efnislega framsetningu málsatvika eins og hún bar um að upplifa þau og trúverðugleika frásagnar hennar, verður að horfa til þess að brotaboli var átta ára barn er hún gaf skýrsluna. Samandregið af framburði hennar má álykta að hún sé að lýsa fjölda tilvika sem átt hafi sér stað þar sem ákærði hafi nýtt sér þá aðstöðu að vera í sama rúmi og hún. Hann hafi bæði strokið henni um bak og bringu og káfað á rassi hennar og kynfærum innan klæða. Stúlkan sýndi með látbragði hvernig ákærði hefði nuddað kynfæri hennar. Miðað við framsetningu stúlkunnar er ekkert sem bendir til þess að um annað en hennar eigin upplifun sé að ræða. Ekkert gefur tilefni til að ætla að hún sé að endursegja annarra frásögn eða lýsa einhverju sem hefur borið fyrir augu í sjónvarpi eða á veraldarvefnum.
100. Frásögn stúlkunnar ber merki aldurs hennar en virðist vera með öllu ýkjulaus, hún virðist á engan hátt reyna að gera hlut ákærða verri en efni standa til. Þvert á móti ber hún fram skýringar á framgöngu ákærða og atvikum sem afsakar hana.
101. Fram kom í framburði hennar að ákærði hafði háttsemi þessa oft í frammi við hana. Þá má álykta af orðum hennar að hreyfingar ákærða hafi ekki verið tilviljunarkenndar heldur markvissar þar sem þær miða helst að því að þreifa á rassi stúlkunnar en þó einkum á kynfærum hennar. Augljóst er af framburði hennar að hún er að lýsa því að hafa orðið vitni að því að ákærði hafi verði að fróa sér samhliða nefndu þukli. Önnur ályktun verður ekki dregin af orðum hennar um að ákærði hafi verið að klóra sér í einkastaðnum hans, klóra sér í typpinu sem stúlkan hafi séð vera upp í loftið, auk þess sem það heyrðist mikið í sænginni. Þá lýsir stúlkan því hvernig ákærði kemur henni fyrir við hlið sér og skilja má þá lýsingu þannig að ákærði haldi henni að sér, þukli á henni og stundi sjálfsfróun, sbr. sérstaklega efnisgrein nr. 33 hér að framan. Hún bar um að ef hún reyndi að færa sig frá ákærða hefði hann dregið hana að sér aftur. Þegar hún er spurð hvort hún hafi séð eitthvað koma úr typpinu á honum neitar hún þeirri beinu spurningu en er hún var innt í öðru almennara samhengi eftir snertingum á baki hennar hafi hún borið um að hann hafi fyrst snert þíkuna og svo sett á bakið hennar *þú veist á, ojbarasta eitthvað* sem henni hefði þótt ógeðslegt og þá hefði komið ógeðsleg lykt af henni, sbr. efnisgrein nr. 32 hér að framan. Við skýrslutöku var brotaboli ekki spurð nánar hvað hún ætti við með þessum orðum en augljóst er að stúlkan er að lýsa erfiðri og ógeðfældri lífsreynslu. Samantekið má ráða af framburði brotabola að samkvæmt henni sé um nokkuð margþætta framgöngu að ræða hjá ákærða sem hafi falist í því að draga brotabola að sér og halda henni þar, þreifa og káfa á henni innan klæða víðs vegar á smávöxnum líkama hennar og stunda sjálfsfróun í beinum tengslum við þessa háttsemi. Fyrir liggur niðurstaða matsmanns um að ákærði sé ekki haldinn kynferðislegri svefnröskun. Að mati dómsins sem skipaður er

sérfróðum meðdómsmanni hefur engum haldbærum röksemdum verið teflt fram sem skjóta stoðum undir að sú niðurstaða sé röng. Athafnir ákærða virðast þvert á móti vera of meðvitaðar, markvissar og skipulagðar til líklegt sé að þær eigi rót að rekja til kynferðislegrar svefnröskunar.

102. Ákærði neitar því að þetta hafi gerst. Þegar á hinn bóginn lagt er mat á trúverðugleika frásagnar ákærða verður ekki framhjá því litið að framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi er í verulegum atriðum ólíkur og í brýnni innbyrðis mótsögn, meðal annars um kringumstæður samskipta ákærða og brotþola. Þannig bar ákærði um það hjá lögreglu 20. maí [...] að verkaskipting við umönnun brotþola hafi verið til jafns við móður brotþola, 50/50, hvað varðar atriði eins og að svæfa stúlkuna, keyra hana og fleira, sbr. efnisgrein nr. 19 hér að framan. Þá bar ákærði um að hafa oft þurft að sitja hjá henni er hún var að sofna vegna mikillar myrkfælni stúlkunnar. Hún og bróðir hennar hefðu síðan oft komið upp í hjónarúmið til ákærða og móður sinnar. Ákærði staðfesti að brotþoli hefði oft komið þegar hann hefði legið uppi í rúmi og verið að horfa á sjónvarpið og viljað horfa með honum og þá legið við hlið hans. Þá hefði hún líka beðið hann að leggjast upp í sitt rúm þegar hún væri að reyna að sofna og hann gert það.
103. Fyrir dómi staðhæfði ákærði á hinn bóginn að hann hefði ekki haft afskipti af börnunum að næturlagi og mundi ekki til þess að hafa svæft stúlkuna í hennar rúmi eða að hafa farið til hennar á næturnar þegar henni hefði liðið illa, sbr. efnisgrein nr. 66. Hann kannaðist við að hún hefði stundum komið upp í hjónarúmið og að móðir brotþola hefði stundum farið á næturnar til sonar síns. Hann minntist þess á hinn bóginn ekki að brotþoli hefði nokkru sinni komið upp í rúmið hans á meðan hann hefði verið að horfa á sjónvarpið, sbr. efnisgrein nr. 72. Ákærði hefur samkvæmt framansögðu orðið margsaga í málinu, bæði um lykilatriði málsins sem og ýmis smærri atriði. Er að mati dómsins líkt með framgöngu ákærða fyrir dómi og hjá lögreglu eins og matsmaður ályktaði af viðtölum við ákærða að það drægi úr trúverðugleika hans hvernig hann hefði á köflum verið óviss um hvernig svara ætti og því farið fram og til baka í svörum sínum.
104. Upplýst er í málinu að brotþoli greindi móður sinni frá þeirri háttsemi sem ákært er fyrir og eins liggur fyrir að hún greindi jafnöldru sinni frá einhverju sem fullorðið fólk á ekki að gera við börn, eins og vinkonan orðaði það þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Ekki eru forsendur til að rengja þessar frásagnir um samskipti við brotþola sem móðir hennar og vinkona áttu í við brotþola í maí og júní [...].
105. Þá liggja fyrir ítarleg gögn frá sálfræðingi sem starfar í Barnahúsi sem og frá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala um margháttaða alvarlega andlega erfiðleika sem brotþoli hefur strítt við á síðustu árum sem hafa verði tengdir við afleiðingar þeirrar háttsemi sem ákært er út af í málinu. Svo illa var komið fyrir brotþola að hún þurfti á bráðainnlögn að halda á legudeild geðdeildarinnar. Afleiðingarnar voru svo brýnar að skimað hefur verið fyrir því hvort öðrum áföllum í lífi brotþola væri til að dreifa sem skýrt geti líðan

brotapola og því slegið föstu að svo sé ekki. Veita þessi læknisfræðilegu gögn framburði brotapola nokkra stoð enda til þess að horfa að sökum ungs aldurs er þess vart að vænta að brotapolí sé þess umkomin að gera sér upp líðan eins og þessa.

106. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður því slegið föstu að ákærði hafi haft í frammi þá háttsemi sem ákært er fyrir.
107. Kemur þá til sérstakakrar skoðunar hvort ákærði hafi haft ásetning til þessarar háttsemi en ákærði hefur byggt á því að ef hin ákærða háttsemi teljist vera sönnuð beri hann ekki refsíabyrgð á henni vegna kynferðislegar svefnröskunar. Hann hafi verið sofandi þegar hann framdi þetta athæfi og því ekki haft ásetning til að brjóta á brotapola.
108. Eins og rakið er meðal málsatvika hér að framan bar móðir brotapola um það að þegar hún hefði gengið á ákærða eftir að stúlkan sagði henni frá hefði hann ekki neitað því að hafa gert eitthvað eða verið hræddur um að hafa gert eitthvað en hann hefði sagst hafa verið sofandi þannig að hann hefði ekki vitað neitt hvað hann gerði. Ákærði mótmælti því að hafa sagt þetta er hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Eina tilvikið sem hann kannaðist við, sbr. efnisgrein nr. 25, var atvik sem bæði stúlkan og móðir hennar höfðu nefnt, sbr. efnisgreinar nr. 30, nr. 77 og nr. 15, sem fólst í því að móðir brotapola vaknaði upp við öskur í dóttur sinni sem var með ákærða uppi í rúmi og er að var komið hefði ákærði haldið henni fastri og ekki viljað sleppa henni. Móðir hennar hefði borið um að ákærði hefði sagst mega knúsa brotapola. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sagt þessi orð en sagðist hafa vaknað við öskur stúlkunnar þar sem hann hefði verið að knúsa hana í svefni en hann svæfi mjög fast.
109. Í framburði sínum í Barnahúsi bar brotapolí um að ákærði réði ekki við sig þegar hann væri sofandi sem hún bar um að hefði lokuð augun og að hún heyrði hrotturnar í honum. Hún nefndi jafnframt að þegar hún hefði verið að reyna að sofna þegar hann væri að horfa á sjónvarpið byrjaði þetta vandamál þegar hann væri sofnaður.
110. Auk þess að neita því alfarið að hafa sýnt af sér þá háttsemi sem í ákæru greinir ber ákærði því jafnframt við að hafa verið sofandi hafi eitthvað í líkingu við þetta gerst og meðal annars vísað til orða brotapola í þeim efnunum. Því til stuðnings byggir hann jafnframt á að hann sé haldinn kynferðislegri svefnröskun sem feli þá í sér ósjálfráða og óviljandi kynferðislega hegðun í svefni og í því tilviki beri að sýkna hann þar sem hann hefði ekki haft ásetning til að brjóta á brotapola.
111. Vegna þessarar málsvarnar var af hálfu ákærða hlutast til um að aflað yrði mats dómkvadds matsmanns til að svara spurningum er lutu að því hvort ákærði væri haldinn kynferðislegri svefnröskun (e. *sexsomnia*). Efni matsgerðar dómkvadds matsmanns er rakið í efnisgreinum nr. 39–60 hér að framan. Matsmaður komst afdráttarlaust að þeirri niðurstöðu að ákærði væri ekki haldinn kynferðislegri svefnröskun en svefnrannsókn hefði leitt í ljós að ákærði væri haldinn kæfisvefni og byggi við truflanir á djúpsvefni sem væri að mestu tengdar öndunartruflunum. Jafnframt svaraði matsmaður því að hún

teldi afar ólíklegt að ákærði hefði verið sofandi og ómeðvitaður um eigin gjörðir eins og þeim er lýst í ákæru, eins og það er orðað í matsgerðinni. Sérstaklega var um það fjallað í matsgerðinni og fyrir dómi af hálfu matsmanns að til að slá greiningu svefnröskunar fastri þyrfti heildarmat klínískrar greiningar og svefnrannsóknar sem framkvæmd væri á rannsóknarstofnun að fara saman og svo væri ekki í þessum efnum og tilvik um óvenjulegar mjaðmahreyfingar sem lýst er í svefnrannsókninni hefðu ekki verið þess eðlis að draga mætti ályktanir af þeim um kynferðislega svefnröskun, en nokkrar þeirra hefðu verið í tengslum við vanöndunartilvik sem svo eru nefnd í skýrslu læknisins sem stóð fyrir rannsókninni.

112. Við rannsókn matsmannsins greindi ákærði frá því að hann teldi ólíklegt að hann hefði framkvæmt það sofandi sem honum væri gefið að sök og það sé eingöngu út frá framburði brotþola um að hann hafi verið sofandi sem óskað hefði verið mats. Samkvæmt matsgerðinni gat ákærði þess aðspurður að hafa vaknað í tvígang í miðjum klíðum samfara með hvorri sinni barnsmóður. Hann minntist þess ekki að glíma við svefnvanda sem barn, hefði hvorki gengið í svefni né sýnt af sér aðra hegðun í svefni en talað upp úr svefni. Fyrir dómi gat hann þess jafnframt að erfitt væri að vekja hann.
113. Nákomnir ættingjar ákærða gáfu skýrslu fyrir dómi og báru á annan veg en ákærði, meðal annars um svefngöngu. Nefnt var líka af systur hans og móður að bróðir hans vildi ekki sofa nærri honum þar sem hann væri svo ágengur knúsari, eins og það var orðað. Bróðir hans gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Vinkona ákærða sem umgekkst hann á árabílinu 2013 til 2015 bar um eitt tilvik frá þeim árum þar sem þau hefðu sofið í sama rúmi þar sem ákærði hefði orðið nærgöngull sofandi.
114. [...] barnsmæður og sambýliskonur ákærða sem áttu í nánú sambandi við hann hver á fætur annarri á árunum [...] til og með [...] komu fyrir dóm. Engin þeirra kannaðist við óvenjulega framgöngu ákærða í svefni. Þegar hann væri sofnaður svæfi hann nóttina af án nokkurra sérstakra viðburða og engin þeirra kannaðist við að hann hefði haft í frammi einhverja háttsemi sem gæfi kynferðislega svefnröskun til kynna.
115. Af framansögðu leiðir að mati dómsins að ekki verður talið að vísbendingar séu í fortíð ákærða eða fólgnar í niðurstöðu dómkvadds matsmanns og þeirri svefnrannsókn sem ákærði gekkst undir sem skjóta stöðum undir að ákærði sé haldinn kynferðislegri svefnröskun sem leitt hafi til þess að hann hafi brotið gegn brotþola óafvitandi um eigin gjörðir. Því var slegið föstu af matsmanni að ákærði væri ekki haldinn nefndri röskun. Engum haldbærum röksemdum hefur verið teflt fram fyrir því að sú niðurstaða sé röng. Athafnir ákærða virðast fremur vera of meðvitaðar, markvissar og skipulagðar til að líklegt sé að þær eigi rót að rekja til kynferðislegrar svefnröskunar.
116. Þegar framburður brotþola er metinn í þessu ljósi, um að ákærði hafi verið sofandi er hann braut á henni, verður ekki framhjá því litið að barnið var einvörðungu átta ára og með talsmáta og skynjun í samræmi við þann aldur. Verður í því sambandi að horfa til

Þess að framganga ákærða gagnvart stúlkunni er um margt í ósamræmi við það að hann hafi verið sofandi. Er þar fyrst til þess að taka að brotþoli nefnir það ítrekað að hafa ætlað að fara fram úr og til móður sinnar þegar ákærði hafi verið að brjóta gegn henni en þá hafi hann vaknað og hindrað för hennar, sbr. efnisgreinar 27 og 28. Eins má nefna þær réttlætningar og skýringar sem barnið leitaðist við að finna á þessari hegðan ákærða um að hann hafi stundum hugsað vitlaust og verið *heyrnarlaus eitthvað* og haldið sig eiga í samskiptum við móður hennar. Í ljósi þessa framburðar á það ekki við haldbær rök að styðjast að ákærði geti brotið með margs konar háttsemi gegn brotþola sofandi en vakni svo um leið og barnið fari fram úr rúminu. Kemur að mati dómsins út á eitt í þeim efnum hvort barninu villtist sýn um að ákærði væri sofandi eða hvort hann var beinlínis að blekkja brotþola. Hvort tveggja felur í sér meðvitaða háttsemi og þar með ásetning til þeirra kynferðisbrota sem ákærði beitti brotþola.

117. Verður ákærði þannig í samræmi við framangreint sakfelldur í samræmi við ákæru fyrir kynferðisbrot gegn brotþola enda saknæmi og refsinnæmi háttsemi ákærða hafið yfir skynsamlegan vafa. Ákærði er þannig sakfelldur fyrir að hafa áreitt brotþola kynferðislega með strokum um bak og bringu innan klæða og strokið og snert kynfæri hennar margoft og ógnað með því lífi, heilsu og velferð hennar.
118. Með þessari háttsemi hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 202. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga enda háttsemi ákærða réttilega heimfærð undir verknaðarlýsingu fyrst talda ákvæðisins, auk þess sem ákærði framdi brot sín í þeirri aðstöðu sem 1. og 2. mgr. 218. gr. b tekur til. Brotþoli var ungt barn á eigin heimili þar sem hún átti að eiga öruggt athvarf með móður sinni og stjúpa sem misnotaði sér ítrekað yfirburðastöðu sína gagnvart henni freklega. Ljóst er af fyrirliggjandi vottorðum frá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala og Barnahúsi að brot ákærða hafa stefnt velferð og heilsu brotþola í bráða hættu.

Refsing, miskabætur og sakarkostnaður

119. Ákærði er fæddur í nóvember 1992. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsingu í máli þessu. Í ljósi framangreinds um það hversu alvarleg ítrekuð brot ákærða voru og beindust að mikilvægum hagsmunum brotþola verður refsing ákærða ákveðin 12 mánaða fangelsi. Í ljósi verulegs dráttar á málinu verða níu mánuðir af refsingunni skilorðsbundnir en með tilliti til hinna alvarlegu sakargifta eru ekki forsendur til að skilorðsbinda refsingu ákærða að fullu.
120. Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir eru til þess fallin að valda miska enda misnotaði hann freklega aðstöðu sína, meðal annars þegar brotþoli, ungt óttaslegið barn, leitaði skjóls og öryggis hjá honum á eigin heimili. Í fyrirliggjandi vottorðum sálfræðings sem starfar hjá Barnahúsi og lækni á BUGL, sem báðar staðfestu vottorð sín fyrir dómi, hefur brotþoli glímt við erfiðar andlegar afleiðingar af brotum ákærða. Brotþoli hefur þannig

glímt við áfallastreituröskun og alvarleg vanlíðunareinkenni, þar á meðal [...] eins og að framan er rakið. Er í raun óvíst um hagi brotþola til framtíðar ef tekið er mið af framburði sálfræðingsins fyrir dómi. Að þessu gættu eru miskabætur hæfilega ákvarðaðar 2.000.000 króna.

121. Tilgreind fjárhæð vegna miskabóta ber vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. maí 2021 til 10. nóvember 2022 er mánuður var liðinn frá því að krafan var birt ákærða, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga, og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags.
122. Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Um tímagjald vegna málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanns fer samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025.
123. Meðal sakarkostnaðar er kostnaður sem fellur undir c-lið 1. mgr. 233. gr. vegna öflunar vottorða sálfræðings og matsgerðar dómkvadds matsmanns, samtals að fjárhæð 1.457.000 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, sem ákveðin verða með hliðsjón af skráðum rauntíma samkvæmt tíma-skýrslu sem liggur fyrir og endurspeglar umfangs málsins og endurtekna aðalmeðferð þess 2.385.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknun skipaðs réttargæslumanns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, er ákveðin á sömu forsendum að breyttu breytanda 1.290.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Björn L. Bergsson héraðsdómari, Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari og Torfi Magnússon taugalæknir sem sérfróður meðdómsmaður kveða upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Atli Arason, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 6. maí 2021 til 10. nóvember 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði samtals 5.132.500 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs. Þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 2.385.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur, 1.290.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Björn L. Bergsson

Guðrún Sesselja Arnardóttir

Torfi Magnússon